# FRÉTTABLAÐIÐ

199. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 24. ÁGÚST 2016




**Ragnheiður Guðmundsdóttir og Ravi Rawat giftust í Skálholti í gær. Þeim hafði í tvígang verið synjað um leyfi til að gifta sig þar sem Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu tók vottorð um stöðu Ravi sem einhleyps manns ekki gilt. Ragnheiður segir daginn hafa verið yndislegan. „Við erum í skýjunum með að þetta hafi loksins fengið að ganga í gegn og erum búin að vera umkringd ástvinum okkar í dag,“ segir hún.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um búvörusamninga. 13

**MENNING** Húsgagnasmiður, innanhússarkitekt og átta barna móðir. 26

**LÍFIÐ** Vegan lífsstíllinn ryður sér til rúms . 32

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **MARKAÐUR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Börnum fækkar í miðborginni

**FÉLAGSMÁL** „Það hefur reynst okkur erfitt að halda uppi starfi á átta deildum og því hefur sú ákvörðun verið tekin að loka þremur deildum,“ segir í bréfi sem foreldrum barna í leikskólanum Miðborg barst nýlega.

Ástæða breytinganna er sögð sú að síðastliðin tvö ár hafi gengið illa að vista í öll laus pláss í Miðborg og því hafi börnum í leikskólanum fækkað.



**Kristín Einarsdóttir leikskólastjóri Miðborgar**

Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar, segir færri börn nú vera í miðbænum þar sem fasteigna- og leiguverð hefur hækkað. Gjarnan vegna þess að eigandi húsnæðisins stefni í að selja ferðamönnum gistingu. Eðlilega fækki starfsfólki með breytingunum en samt þurfi ekki að grípa til uppsagna. Alls starfi nú 32 í skólanum. – **gar** / **sjá síðu 6**

# Flytur námið norður þvert á mat nefndar

**Samið verður við Háskólann á Akureyri um að kenna lögreglunám á háskólastigi. Mikilvægt að styrkja stoðir fjölbreytts náms við HA að mati menntamálaráðherra. Háskóli Íslands var talinn hæfastur af matsnefnd sem sá um flutning námsins.**

**MENNTAMÁL** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur ákveðið að flytja kennslu og rannsóknarstarfsemi á sviði lögreglufræða til Háskólans á Akureyri. Háskóli Íslands var talinn hæfastur til að taka að sér námið samkvæmt matsnefnd Ríkiskaupa sem annaðist ferlið.

Lögregluskóli ríkisins hefur verið lagður niður og mun nám í lögreglufræðum verða fært upp á háskólastig.

Ákveðið var að fela Ríkiskaupum að finna framkvæmdaaðila á háskólastigi sem gæti tekið við lögreglunáminu eftir að ákveðið var að færa það á háskólastig. Sett var á laggirnar matsnefnd og skiluðu þrír umsækjendur tilkynningu um þátttöku. Háskóli Íslands skoraði hæst hjá matsnefnd, Háskólinn á Akureyri kom annar og Háskólinn í Reykjavík var þriðji. „Að mínu mati uppfyllti Háskólinn á Akureyri vel þær kröfur sem gerðar eru um gæði náms og aðbúnað til lögreglumenntunar. Einnig tel ég aðstæður við Háskólann á Akureyri til þess fallnar að gera nemendum af landinu öllu kleift að leggja stund á námið,“ segir Illugi.

> **Að mínu mati uppfyllti Háskólinn á Akureyri vel þær kröfur sem gerðar eru um gæði náms og aðbúnað til lögreglumenntunar.**
>
> Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra



Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir það fagnaðarefni að lögreglunáminu verði fundinn staður á Akureyri. „Við sendum inn metnaðarfulla þátttökuyfirlýsingu og erum í stakk búin að hefja innritun nú þegar. Við vitum að það er mikill áhugi fyrir náminu,“ segir Eyjólfur.

sveinn@frettabladid.is


**SKRAUT FYRIR BÆJARHÁTÍÐIR**

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

## Veður




Hægviðri og víða léttskýjað í dag, en áfram austan 8-13 og rigning með köflum suðaustanlands. Sums staðar þokubakkar við sjávarsíðuna. Hiti 10 til 20 stig, svalast við sjóinn norðvestanlands og á Austfjörðum en hlýjast inn til landsins. **SJÁ SÍÐU 22**

# Dauðadómur í heimalandinu



**Morteza Songolzade hælisleitandi með úrskurð frá lögreglu um brottvísun til Frakklands. Hann telur yfirgnæfandi líkur á að Frakkar sendi hann til heimalands síns, Írans, þar sem hann fékk dauðadóm. „Ég skil ekki hvers vegna ég er sendur á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar sem tekur fyrir að senda fólk til baka stofni það lífi þess í hættu,“ segir hann. Morteza bauð fólki sem mótmælti fjölda hælisleitenda hér á landi upp á kakó og kökur á Austurvelli. Hann sagði þá að Íslendingar væru vinsamlegasta fólk sem hann hefði hitt á flótta sínum um Evrópu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ekki fleiri brot tilkynnt í þrjú ár

**LÖGREGLUMÁL** Tilkynnt var um tuttugu og sjö kynferðisbrot sem áttu sér stað í júlímánuði á höfuðborgarsvæðinu. Ekki hafa borist eins margar tilkynningar um brot sem framin voru í einum mánuði síðan í ágúst 2013.

Fram kemur í mánaðarskýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að þetta voru töluvert fleiri tilkynningar en að meðaltali síðustu þrjá mánuði á undan og síðustu tólf mánuði.

Það sem af er ári hefur hins vegar verið tilkynnt um færri kynferðisbrot en á sama tímabili í fyrra. Í ár er búið að tilkynna um 121 kynferðisbrot, samanborið við 135 í fyrra. Tilkynnt kynferðisbrot voru færri á fyrstu sjö mánuðum ársins 2014, en töluvert fleiri á því tímabili árið 2013, eða 176. **– sg**

# Leita gulls dýpra í Þormóðsdal

**IÐNAÐUR** Framkvæmdastjóra umhverfissviðs og skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar hefur verið falið að afla frekari gagna vegna umsóknar félagsins Iceland Resources ehf. um leyfi til gullleitar í Þormóðsdal.

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir jarðvegssýnaboranir. Til stendur að bora tíu 795 metra djúpar rannsóknarholur sem sé 90 metrum dýpra en áður hefur verið borað á svæðinu. Þannig náist til svæða sem ekki hafi verið skoðuð áður. Síðar verði boraðar aðrar tíu holur niður á um 1.505 metra dýpi. **– gar**

## 795

**Dýpt holunnar sem bora á í Þormóðsdal í metrum.**

# Þorsteinn og Pawel í framboð

**STJÓRNMÁL** Þorsteinn Víglundsson hefur látið af störfum sem framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins og ætlar að gefa kost á sér í framboð til Alþingis fyrir Viðreisn. Þá tilkynnti stærðfræðingurinn og pistlahöfundurinn Pawel Bartoszek einnig að hann væri genginn til liðs við Viðreisn í gær. Í tilkynningu sinni sagðist hann öðru fremur trúa á borgaraleg réttindi, frjálsan markað og alþjóðlega samvinnu. **– þea**

**LEIÐRÉTTING**

*Í grein um Gamanmyndahátíðina á Flateyri í blaði gærdagsins er Ragnar leikstjóri skrifaður Hallsson en hann er Hansson, Skjaldborg er ekki stuttmyndahátíð heldur heimildarmyndahátíð og í myndatexta er Eyþór Jóvinsson ranglega nefndur Eyvindur. Beðist er velvirðingar á öllum þessum rangfærslum.*

# Fræða kennara um intersex og transfólk

**Hinsegin fræðsla hófst nýverið í Hafnarfirði. Fræðslu fær bæði starfsfólk og nemendur. Fræðslufulltrúi Samtakanna '78 segir fólk vita minna um málefni transfólks en samkynhneigðra. Vonir eru um fræðslu hjá fleiri sveitarfélögum.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Hinsegin fræðsla á vegum Samtakanna '78 hófst í síðustu viku í Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Starfsfólk allra grunnskóla í Hafnarfirði mun fá fræðslu fyrir lok skólaársins. Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir, fræðslufulltrúi samtakanna, sem hélt fyrirlesturinn, segir viðbrögðin hafa verið mjög jákvæð. Hún segir vonir um að fá að koma á fræðslu í fleiri sveitarfélögum landsins.

Fræðsla fyrir starfsfólk grunnskóla er einn liður af fjórum í samkomulagi sem Hafnarfjarðarbær gerði við Samtökin '78. Auk fræðslu fyrir starfsfólk verður árleg fræðsla í áttunda bekk fyrir nemendur og ungmenni úr Hafnarfirði geta leitað eftir þjónustu Samtakanna '78 eftir þörfum án endurgjalds.

„Við fengum rosa góðar móttökur. Eftir fræðsluna fylltu kennararnir út miða þar sem þeir voru að meta fræðsluna og það var yfirgnæfandi meirihluti sem fannst þetta vera mjög gagnlegt. Við erum í skýjunum yfir því hvað þetta tókst vel,“ segir Ugla Stefanía. Í september byrjar svo fræðsla fyrir nemendur í áttunda bekk.

Ugla Stefanía segir mikilvægt að fræða starfsfólk jafnt sem nemendur. „Þetta er einn hluti af því að gera starfsfólk hæfara til að taka á alls konar fólki. Það er mikilvægt að kennarar og starfsfólk séu meðvituð um hinsegin málefni og séu í stakk búin til að hjálpa nemendum sem eru að koma út úr skápnum hvort sem þeir eru samkynhneigðir eða trans.“

Ugla Stefanía segir fræðsluna snúa mikið að trans og intersex málefnum. „Það eru málefni sem fólk hefur ekki rosalega mikla vitneskju um. Það er kannski aðallega að fólk fái að heyra af fjölbreytileikanum.“

Samtökin '78 eru með samning við Reykjavíkurborg um fræðslu fyrir starfsfólk og nemendur í skólum þar. „Það er okkar von að fleiri sveitarfélög muni vilja gera samning við okkur. Við vitum að við gerum þetta vel og erum fagmannleg í því sem við gerum. Við erum í stakk búin að takast á við það ef fleiri sveitarfélög sjá tækifæri í að fá okkur,“ segir Ugla Stefanía.

saeunn@frettabladid.is



**Víðistaðaskóli er fyrsti skólinn sem fær heimsókn frá Samtökunum '78.** MYND/VIFGÚS HALLGRÍMSSON

> **Það var yfirgnæfandi meirihluti sem fannst þetta vera mjög gagnlegt. Við erum í skýjunum yfir því hvað þetta tókst vel.**
>
> Ugla Stefanía Kristjönudóttir Jónsdóttir




- Nú er rétti tíminn til að panta fastan tíma í tennis.
- Eigum nokkra tíma lausa.
- Skemmtilegu byrjendanámskeiðin fyrir fullorðna eru að hefjast.

TENNISHÖLLIN Kópavogi

**Skráning og upplýsingar** í síma 564 4030 eða á tennishollin.is




# Hæsta einkunn nýrra bíla hjá J.D. Power

Kia er í efsta sæti gæðalista J.D. Power árið 2016. Það þýðir að Kia bílar hafa lægstu bilanatíðni allra bíla.
Er þetta í fyrsta skipti í 27 ár sem bílamerki sem ekki telst lúxusbílamerki nær þessum glæsilega árangri.
Mikið gleðiefni fyrir okkur og staðfestir það sem við höfum alltaf vitað — að Kia sé traustsins verður.

**Komdu og kynntu þér gæðabíla Kia hjá Öskju, Krókhálsi 11. Prófaðu og láttu sannfærast.**

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Tveir af hverjum þremur sauðfjárbændum með mjög fátt fé

**LANDBÚNAÐUR** Nærri tvö af hverjum þremur sauðfjárbúum á Íslandi eru með færri en 200 ær á vetrarfóðrum. Aðeins fjögur prósent sauðfjárbúa eru með yfir 600 ær á fóðrum. Prófessor í hagfræði segir íslenska sauðfjárrækt að mestu leyti hobbívinnu sem sé þægileg með annarri vinnu.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Félags sauðfjárbænda, segir marga bændur vinna önnur störf meðfram sauðfjárrækt. „Í nýrri skýrslu Arion banka kemur fram að margir bændur séu í öðrum störfum svo sem ferðaþjónustu, í alls kyns verktakavinnu og svo framvegis. Einnig er auðvitað mikið enn um blönduð bú þar sem sauðfjárrækt er með kúabúskap eða hrossarækt svo eitthvað sé talið,“ segir Halldór.

Tölur um stærð sauðfjárbúa birtust í skýrslu Byggðastofnunar um staðsetningu sauðfjár á Íslandi. Kemur fram í úttekt Byggðastofnunar að flest fé er á Norðurlandi vestra og í Skagafirði. Einnig eru langflest stór sauðfjárbú á Norðvesturlandi.

Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir mjög erfitt að setja upp sauðfjárbú sem veiti manni fulla vinnu allan ársins hrings. „Álagspunktar í sauðfjárrækt eru fáir þannig að þetta er vinna sem hentar ágætlega með öðru. Það yrði erfitt að setja upp svo stórt bú að það veiti fulla vinnu 365 daga á ári. Svo stór bú myndi landið í kring svo ekki þola. Menn verða að horfast í augu við að á mörgum stöðum ber landið ekki sauðfjárrækt og er illa farið,“ segir Þórólfur.

Svavar sér smæð sauðfjárbúa ekki sem vandamál. „Það eru skýringar á þessu. Við vitum hins vegar að menn tala um að bú þurfi að vera með um 400 til 800 ær á vetrarfóðrum til að standa undir sér en það er að því gefnu að menn séu aðeins í sauðfjárrækt sem er nokkuð sjaldgæft á Íslandi,“ bætir Svavar við.

sveinn@frettabladid.is

**Nærri tvö af hverjum þremur sauðfjárbúum með færri en 200 ær á vetrarfóðrum**

**Fjöldi sauðfjárbúa af mismunandi stærðargráðu**




# Vilja minni umsvif á auglýsingamarkaði

**Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir tillögur sem fulltrúar einkarekinna fjölmiðla lögðu fram í Fréttablaðinu í gær um breytta löggjöf áhugaverðar. Þingmaður Samfylkingarinnar segir að draga þurfi úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði en er þó hollvinur þess.**




Fulltrúar einkarekinna fjölmiðla skoruðu á stjórnvöld í Fréttablaðinu í gær að beita sér fyrir því að jafna samkeppnistöðu á fjölmiðlamarkaði.

**VIÐSKIPTI** Fimm forsvarsmenn félaga sem halda úti sjónvarpsstöðvum og efnisveitum skrifuðu undir áskorun til ráðherra og þingmanna sem birt var í Fréttablaðinu í gær. Þar var farið fram á „nauðsynlegar og tímabærar breytingar“ á löggjöf, sem ætlað væri að jafna samkeppnisstöðu félaga á íslenskum fjölmiðlamarkaði.

Undir áskorunina skrifuðu þau Arnþrúður Karlsdóttir, fyrir hönd Útvarps Sögu, Ingvi Hrafn Jónsson, fyrir hönd ÍNN, Orri Hauksson, fyrir hönd Símans, Rakel Sveinsdóttir, fyrir hönd miðla Hringbrautar, og Sævar Freyr Þráinsson, fyrir hönd 365 miðla.

Nokkrar tillögur voru nefndar í greininni sem yrðu umræddum fjölmiðlafyrirtækjum til hagsbóta. Þar á meðal var að taka Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði um næstu áramót og mögulega hækka útvarpsgjald til að vega upp á móti tekjumissi. Að virðisaukaskattur yrði ekki tekinn af starfsemi fjölmiðla. Að jafnræði yrði tryggt milli innlendra félaga og erlendra varðandi kvaðir og skilyrði um meðferð á myndefni. Að sömu reglur giltu um innlendar og erlendar efnisveitur svo innlendar veitur sætu við sama borð og alþjóðlegir fjölmiðlarisar. Að skilgreiningar á hugtökum í fjölmiðlalögum verði uppfærðar og að stjórnvöld grípi til úrræða til að styðja við talsetningu á erlendu myndefni fyrir börn og textun fyrir heyrnarskerta.

Unnur Brá Konráðsdóttir, þingkona Sjálfstæðisflokksins og formaður allsherjar- og menntamálanefndar, segist almennt hafa áhuga á að efla frjálsa fjölmiðlun. Hún sagði tillögurnar í greininni vera áhugaverðar og hægt væri að skoða þær frekar. Margar þeirra hafi verið ræddar áður.

„Það þarf auðvitað að fylgjast vel með, því eins og fram kemur í greininni, þegar Netflix kemur þá breytist allt. Það var ekki til þegar við vorum að vinna í fjölmiðlalögunum,“ segir Unnur.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, þingkona Samfylkingarinnar, segist vera hollvinur Ríkisútvarpsins og að hún sé stuðningsmaður þess „að við eigum hér fjölmiðil í almannaþágu og eigu“. Hins vegar hefði það verið stefna Samfylkingarinnar að draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði en núverandi ríkisstjórn hafi hins vegar bætt við.

„Það að draga úr þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði þýðir um leið að ríkið verði að vera tilbúið að bæta Ríkisútvarpinu það upp og reyna að tryggja rekstrarforsendur þess. Ég tel að ríkisfjölmiðill eigi ekki að vera umsvifamikill á auglýsingamarkaði í samkeppni við aðra en miðað við núverandi aðstæður þarf að huga að því með hvaða hætti rekstrarumhverfi Ríkisútvarpsins er best tryggt.“ Sem dæmi þurfi eitt skref í því að vera að aflétta þungum lífeyrisskuldbindingum sem RÚV beri. Þá segir hún að íbúar landsbyggðarinnar hafi áhyggjur af upplýsingaveitunni af landsbyggðinni ef þjónusta RÚV yrði skert.

Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, hafði ekki kynnt sér tillögurnar til hlítar en sagði það „sjálfsagt að skoða alvarlega að taka RÚV af auglýsingamarkaði eða setja einhverjar hindranir þar á“, þar sem RÚV væri með forskot á markaði.

Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist hafa talað um þetta árum saman. Markaðurinn væri mjög skakkur. Ómögulegt væri að vera með eðlilegt fjölmiðlaumhverfi á meðan Ríkisútvarpið væri með fjóra milljarða króna í forgjöf.

„Ef menn hafa áhyggjur af einhverju ójafnvægi í mjólkuriðnaðinum út af MS, þá er þetta ekkert öðruvísi. Þarna er RÚV tekið út úr samhengi við samkeppnislögin og mér finnst óeðlilegt, ef menn ætla á annað borð að halda út ríkissjónvarpi, að það hafi forgjöf og sé síðan í samkeppni við aðra fjölmiðla. Þetta er í eðli sínu fráleitt.“

Brynjar sagði spurninguna vera hve stórt RÚV ætti að vera og hvaða þjónustu það ætti að veita. Það væri hins vegar önnur umræða.

samuel@frettabladid.is


LANGTÍMALEIGA

NÚNA ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

Núna er rétta tækifærið til að gera langtímaleigusamning hjá Átak bílaleigu. Þeir sem gera langtímasamning til **24 mánaða** eða lengur fyrir **27. ágúst** fá **30% afslátt** af fyrsta mánuðinum og **10.000 kr.** eldsneytisinneign hjá Olís.

INNIFALIÐ Í ÞJÓNUSTUNNI

Bifreiðagjöld • tryggingar • sumardekk • vetrardekk • þjónustuskoðanir dekkjaskipti • olíuskipti • hefðbundið viðhald • 2.000 km á mánuði.

Hjá okkur færðu alþrif á bílnum einu sinni í mánuði.

30%
30% afsláttur af fyrsta mánuðinum

10 þús. kr.
10.000 kr. inneign á eldsneyti hjá Olís



átak BÍLALEIGA

Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 554 6040 • atak@atak.is • www.atak.is




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




Porto Platanias Village

Frá kr. 107.595
m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 107.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 136.995 m.v. 2 fullorðna í herb.
Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu 29. ágúst í 10 nætur.




Omega Apartments

Frá kr. 66.195
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 66.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 77.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
Flugsæti á 2fyrir1 tilboði m/gistingu 29. ágúst í 10 nætur.




Stökktu

Frá kr. 64.995
m/ekkert fæði innif.

Netverð á mann frá kr. 64.995 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íb/hb/st.
Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íb/hb/st.
29. ágúst í 10 nætur.




Flugsæti á 2f1 til Krítar

Frá kr. 39.995
Flugsæti eingöngu
m/ekkert fæði innif.

Flugsæti eingöngu áður kr. 79.995 á mann.
Flugsæti 2fyrir1 tilboð kr. 39.995 á mann.
29. ágúst í 10 nætur.




Heimsferðir




## Vel á verði



**Liðsmenn öryggissveita Palestínu virða fyrir sér umhverfið eftir að hafa orðið fyrir árás í borginni Nablus á Vesturbakkanum. Fjöldi Palestínumanna mótmælti öryggissveitunum í gær og sagði þær hafa lamið heimamann til bana á meðan hann var í haldi. Táragasi var varpað á mótmælendur.** NORDICPHOTOS/AFP

# Leikskólabörnin hopa fyrir ferðamannaflóði

**Þremur deildum af átta í leikskólanum Miðborg er lokað vegna fækkunar barna í miðbæ Reykjavíkur. Leikskólastjóri segir barnafjölskyldur hrekjast burt vegna hækkandi íbúðaleigu og fasteignaverðs meðfram ásókn ferðamanna í gistingu.**

**FÉLAGSMÁL** „Það hefur reynst okkur erfitt að halda uppi starfi á átta deildum og því hefur sú ákvörðun verið tekin að loka þremur deildum,“ segir í bréfi sem foreldrum barna í leikskólanum Miðborg barst nýlega.

Ástæða breytinganna er sögð sú að síðastliðin tvö ár hafi gengið illa að vista í öll laus pláss í Miðborg og því hafi börnum í leikskólanum fækkað. Starfsemi leikskólans er á þremur stöðum; í Barónsborg, í Lindarborg og í Njálsborg.

„Leikskólabörnum hefur einfaldlega fækkað í miðbænum,“ segir Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar.

„Þó að ég sé enginn sérfræðingur myndi ég halda að einn áhrifavaldurinn hér sé fasteignaverðið,“ segir Kristín. Ekki sé hlaupið að því fyrir barnafólk frekar en flesta aðra að kaupa húsnæði í miðbænum „Þegar fæðist kannski barn númer tvö og fólk ákveður að stækka við sig er það of dýrt.“

Þá nefnir Kristín að fólki sé sagt upp leigu því húseigandinn vilji hærra leiguverð. „Foreldrar hafa flutt í önnur hverfi vegna þess að húsaleigan hefur hækkað eða þeim er sagt upp,“ segir hún. Gjarnan vegna þess að eigandi húsnæðisins stefni í að selja ferðamönnum gistingu. „Ég hef heyrt dæmi um það. Það er bara allt í leigu í Airbnb.“




**Kristín Einarsdóttir er leikskólastjóri Miðborgar sem er meðal annars með starfsemi í Lindarborg í Lindargötu.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> Það er bara allt í leigu í Airbnb.
>
> Kristín Einarsdóttir, leikskólastjóri Miðborgar

Innritun er ekki enn að fullu lokið en Kristín segir að um 120 börn verði í þremur húsum Miðborgar í vetur. Eðlilega fækki starfsfólki með breytingunum en samt þurfi ekki að grípa til uppsagna. Alls starfi nú 32 í skólanum.

„Það voru starfsmenn að hætta til þess að fara í nám og við þurfum að ráða í eitt stöðugildi. Þjónustan hefur ekkert breyst hjá okkur. Þetta er sami góði leikskólinn,“ útskýrir Kristín Einarsdóttir.

Árgangarnir 2009 og 2010, sem voru fremur stórir, eru nú báðir komnir í gegn um leikskólastigið. Sigrún Björnsdóttir hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar kveðst þó ekki kannast við sambærilega fækkun leikskólabarna og lokanir deilda í framhaldi af því annars staðar en í Miðborg. **gar@frettabladid.is**




Volkswagen Golf hefur verið einn vinsælasti bíll á Íslandi í mörg ár og ekki að ástæðulausu. Hann er glæsilegur í alla staði, rúmgóður, öruggur og á frábæru verði. Komdu í reynsluakstur og finndu út hvaða Golf þér líkar best.

## Trendline

verð frá **3.190.000 kr.**

- Nálgunarvarar að aftan og framan
- Þokuljós með beygjulýsingu í framstuðurum
- Rafmagnshitaðir og stillanlegir hliðarspeglar
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hæðarstillanlegt framsæti
- Hiti í sætum
- Rafdrifnar rúður
- Loftkæling
- App Connect fyrir Mirror Link, Android Auto og Apple Car Play
- Composition Media margmiðlunartæki með 6,5" snertiskjá
- Bluetooth búnaður fyrir síma

## Comfortline

verð frá **3.690.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Trendline:**

- Bakkmyndavél
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Hiti í stýri
- Dökkar rúður að aftan
- Comfort sæti með „Dessin Storm" áklæði
- Viðvörunarkerfi ökumanns
- Skíðalúga í aftursætum með 2 glasahöldurum
- 15" Lyon álfelgur 195/65 R15

## Highline

verð frá **3.990.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti með Alcantara áklæði
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- „Piano Black" innlegg í innréttingu
- Króm í neðra grilli
- Lyklalaust aðgengi og ræsing
- Sóllúga
- 16" Dover álfelgur 205/55 R16

## R-Line

verð **4.190.000 kr.**

**Útbúnaður umfram Comfortline:**

- Sportsæti
- Stemningslýsing í innra rými
- Sjálfvirkur birtudeyfir í baksýnisspegli
- Tveggja svæða loftkæling
- Ljós- og regnskynjari
- Sóllúga
- Xenon ljós með LED dagljósum
- R-Line útlit
- 17" Dijon álfelgur með sportfjöðrun 225/45 R17

Volkswagen

**www.volkswagen.is**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

REYKJAVÍKURMARAÞON ÍSLANDSBANKA



# Þúsund þakkir

## Hollvinir Grensásdeildar

## Safnast hafa kr. 2.182.590

Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka skilaði Hollvinum Grensásdeildar stórkostlegum árangri, tæplega 2,2 milljónir króna söfnuðust í áheitum.
Við erum afar stolt af hlaupurunum okkar og öllu því góða fólki sem studdi við bakið á þeim.
Alls hlupu 120 manns samanlagt um 1500 km fyrir Hollvini Grensásdeildar! Við þökkum 80 starfsmönnum Veritas sem lögðu okkur lið, svo og fjölmörgum starfsmönnum LSH, og öllum öðrum sem hlupu og söfnuðu áheitum fyrir okkur, ekki síst Guðna Th. Jóhannessyni, forseta Íslands.
Stuðningur ykkar er okkur ómetanlegur og gerir okkur enn betur kleift að vinna að markmiði okkar að gera góðan Grensás betri!
***Takk, takk!***











**Hollvinir Grensásdeildar**
safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði deildarinnar.

HOLLVINIR GRENSÁSS

**Aukin lífsgæði verða ekki metin til fjár**

www.grensas.is

þú finnur okkur á facebook

Styrktaraðili Hollvina: 365




Launamunur kynjanna er að meðaltali átján prósent í Bretlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Börn auka launamun

**Í Bretlandi eykst launamunur kynjanna úr tíu prósentum í þrjátíu og þrjú prósent í kjölfar barneigna. Barneignir virðast einnig hafa neikvæð áhrif á launamun kynjanna á Íslandi. Almennt hækka barneignir laun karla en ekki kvenna.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Kynbundinn launamunur er minnstur þegar fólk er nýkomið á vinnumarkað og breikkar þegar fólk nálgast fertugsaldurinn í Bretlandi. Breytingar í starfi í kjölfar barneigna skýra verulega þessa þróun. Þetta sýnir ný skýrsla Institute for Fiscal Studies (IFS). Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að óhætt sé að fullyrða að á Íslandi hafi barnsfæðingar eða það að vera á barnsfæðingaraldri neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði.

Í Bretlandi er launamunur kynjanna minnstur á þrítugsaldrinum, en svo eykst hann úr tíu prósentum í þrjátíu og þrjú prósent á tólf ára tímabili eftir fæðingu fyrsta barns. Í skýrslunni eru meðallaun á tímann skoðuð en ekki árslaun til þess að koma í veg fyrir skekkju ef konur vinna styttri vinnuviku eftir barnsburð.

Sérfræðingar hjá IFS telja að launamuninn megi rekja til þess að konur þurfi frekar að sinna skyldum sem tengjast börnum þeirra, því hafi þær minni tíma til að vinna í starfsframa sínum og auka reynslu sína. Líkur séu jafnvel á að þær hætti á vinnumarkaði um tíma og því aukist launamunurinn. Tuttugu árum eftir fæðingu fyrsta barns hafa konur í Bretlandi að meðaltali starfað fjórum árum skemur en karlar. Konur eru því að missa af tækifærum til stöðuhækkana sem karlmenn fá.

„Bilið milli tímakaups menntaðra kvenna og karla hefur ekkert minnkað á síðustu tuttugu árum," segir Robert Joyce, höfundur skýrslunnar, um niðurstöðuna.

„Það eru ekki margar rannsóknir til um þetta hérlendis, en allavega ein sem gerð var sýndi að stór hluti af skýringunni á launamun karla og kvenna fælist í því að fjölskyldumyndun og foreldrahlutverk hafi þveröfug áhrif á karla og konur. Laun kvenna standa í stað eða lækka en laun karla hækka. Ýmsar norrænar rannsóknir hafa líka sýnt þetta. Í Noregi var komist að þeirri niðurstöðu að þetta útskýrði um tuttugu og fimm prósent af launamun kynjanna," segir Ingólfur.

„Það er óhætt að fullyrða að barnsfæðingar, og bara það að vera á barnsfæðingaraldri, hefur neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði. Þess vegna er mikilvægt að Alþingi samþykki þetta nýja frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof," segir Ingólfur V. Gíslason.

saeunn@frettabladid.is

**Launamunur kynjanna eftir fæðingu fyrsta barns**




Heimild: IFS

> **Það er óhætt að fullyrða að barnsfæðingar, og bara það að vera á barnsfæðingaraldri, hefur neikvæð áhrif á stöðu kvenna á vinnumarkaði.**



Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

# Vilja samstarf um geldingu villikatta

Dýraverndarsamtökin Villikettir hafa farið þess á leit við bæjarfélög víðs vegar um landið að gerður verði samningur við samtökin um geldingu villikatta. Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri Villikatta, segir samtökin hafa látið framkvæma hátt í 400 geldingar á villiköttum síðustu þrjú ár. Eftir geldinguna sé dýrunum sleppt á ný.

Markmiðið sé að hjálpa dýrunum á mannúðlegan hátt. „Með geldingum hætta slagsmál vegna yfirráða, þá fækkar meiðslum," segir Arndís.

Þá hafi kettlingar fæðst um hávetur sem átt hafi litla lífsvon og drepist úr vosbúð á nokkrum vikum. „Við erum að koma í veg fyrir þessi skelfilegheit sem dýrin hafa farið í gegnum reglulega." Arndís segir allar geldingar framkvæmdar af dýralæknum. Samtökin hafi verið í samstarfi við fjölmarga dýralækna sem allir hafi verið tilbúnir að gefa vinnu sína. Arndís segir samtökin hafa alls staðar fengið jákvæð viðbrögð við bóninni.

Í bréfi sem Villikettir sendu ráðamönnum Ísafjarðarbæjar segir að aðferðin hafi reynst spara sveitarfélögum fé sem annars hefði farið í kostnað vegna kaupa á þjónustu meindýraeyða. **– ih**



Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, gjaldkeri Villikatta.




## Nilfisk
**Ryk- og vatnssuga**
Multi 20 CR. 1400 W.
Sogþrýstingur 210 mbör.
Loftflæði 400 l/mín.
20 l tankur.

**19.995.-**
~~24.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
Buddy ll 12. 1300 W. Sogþrýstingur 200 mbör, loftflæði 2400 l/mín. 12 l tankur, 1,9 m slanga. Framlengingarstútur, sía og munnstykki fylgja.

**8.995.-** ~~10.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
Buddy ll 18. 1200 W. Sogþrýstingur 200 mbör, loftflæði 2400 l/mín. 18 l tankur.

**11.995.-** ~~14.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
Buddy ll 18 Inox. 1200 W. Sogþrýstingur 200 mbör, loftflæði: 2400 l/mín. 18 l tankur. 1,9 m slanga. Framlengingarstútur, sía og munnstykki fyrir ryk- og vatnssog fylgja.

**12.995.-** ~~16.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
MULTI 20 T INOX. Ryk- og vatnssuga. 1400 W. Sogþrýstingur: 210 mbör. Rúmtak tanks: 20 lítrar. Loftflæði: 4000 l/mín. Ýmsir fylgihlutir.

**24.995.-** ~~29.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
ATTIX 30-21 PC. Ryk- og vatnssuga með handvirku síuhreinsikerfi, millistykki og sjálfvirkum búnaði fyrir rafmagnsverkfæri. Rúmtak 30 lítrar. Loftflæði: 3700 l/mín. Ýmsir fylgihlutir.

**69.995.-** ~~79.995.-~~



**Nilfisk**
**Ryk- og vatnssuga**
ATTIX 50-21 XC. Með alsjálfvirku síuhreinsikerfi, millistykki og sjálfvirkum búnaði fyrir rafmagnsverkfæri. 47 l. Hljóðlát. Loftflæði 3700 l/mín. Mikill sogkraftur fyrir iðnaðarvinnu og fagmenn. Ýmsir fylgihlutir.

**129.995.-** ~~134.995.-~~

# Fagleg ráðgjöf og þjónusta

## - ekki bara byggingavöruverslun



KÄRCHER
makes a difference
**Ryk- og vatnssuga**
MV 5. 1100 W. Sogkraftur sem samsvarar 1800 W. 25 lítra tankur, 2,2 m slanga. Flöt sía fylgir.

**24.995.-** ~~29.995.-~~



KÄRCHER
makes a difference
**Ryk- og vatnssuga**
Sogkraftur sem samsvarar 2000 W, með orkunotkun sem nemur 1300 W. 30 l ryðfrír stáltankur. Flöt sía sem auðvelt er að þrífa, 2,2 m slanga.

**39.995.-** ~~44.995.-~~



KÄRCHER
makes a difference
**Ösku- og ryksuga**
AD 3 Premium. 1200 W. Með síukerfi. Kraftmikil, hagnýt og fjölhæf ryksuga til að hreinsa grillið, arininn eða viðarofninn.

**29.995.-** ~~34.995.-~~

Tilboðin gilda frá miðvikudeginum 24. ágúst til og með sunnudeginum 28. ágúst. Gildir á meðan birgðir endast.

BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

# Táknrænn fundur á flugmóðurskipi

**Leiðtogar Ítalíu, Frakklands og Þýskalands boða nýtt upphaf fyrir Evrópusambandið eftir brotthvarf Bretlands. Líkurnar á sameiginlegum her aukast þegar andstaða Bretlands verður úr sögunni. Blaðamannafundur haldinn á flugmóðurskipinu Garibaldi.**



Leiðtogar Þýskalands, Ítalíu og Frakklands við gröf ítalska andspyrnumannsins Altieros Spinelli, sem var einn af upphafsmönnum Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Við virðum þá ákvörðun sem íbúar Bretlands tóku, en við viljum skrifa kafla framtíðarinnar.
>
> Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu

**ÍTALÍA** Matteo Renzi, Françoise Hollande og Angela Merkel hittust á mánudagskvöldið á Ítalíu, þar sem þau boðuðu til blaðamannafundar um borð í flugmóðurskipi við eyjuna Ventotene, sem er rétt utan við borgina Napolí.

Þar sögðu þau væntanlegt brotthvarf Bretlands úr Evrópusambandinu alls ekki þurfa að marka upphafið að endalokum sambandsins. Þvert á móti eigi nú að stefna að nýju upphafi.

„Við virðum þá ákvörðun sem íbúar Bretlands tóku, en við viljum skrifa kafla framtíðarinnar,“ sagði Renzi. „Eftir brotthvarf Bretlands mun Evrópa hefja til vegs að nýju hinar öflugu hugsjónir samstöðu og friðar, frelsis og drauma.“

Á fundinum kom til tals að áformum um sameiginlegan her Evrópusambandsins megi hraða, enda hafi það ekki síst verið andstaða Breta sem stóð í veginum fyrir því að þau áform yrðu að veruleika.

Merkel þýskalandskanslari lagði áherslu á að tryggja þurfi öryggi íbúa ESB-landanna auk þess sem baráttan gegn smyglurum með fólk yfir Miðjarðarhafið verði áfram erfið.

Ítalska flugmóðurskipið Guiseppe Garibaldi var ekki síst með hliðsjón af þessu valið til að halda þar blaðamannafundinn.

Efnislega þykir útkoma fundarins á mánudag heldur rýr, en hann var að nokkru haldinn til undirbúnings á óformlegum leiðtogafundi Evrópusambandsins sem haldinn verður í Bratislava 16. september næstkomandi. Þar stendur til að ræða nánar um brotthvarf Bretlands og framtíð Evrópusambandsins.

Staðarval fundarins á mánudag var táknrænt vegna þess að á eyjunni Ventotene var árið 1941 samin stefnuskrá um frjálsa og sameinaða Evrópu, nefnd Ventotene-stefnuskráin.

Höfundarnir voru Altiero Spinelli og Ernesto Rossi, sem voru fangar þar á eyjunni. Þau Merkel, Hollande og Renzi lögðu meðal annars leið sína að gröf Spinellis, sem er þar á eyjunni.

Ventotene-stefnuskráin náði útbreiðslu meðal ítölsku andspyrnuhreyfingarinnar og til hennar er upphaf Evrópusambandsins að nokkru rakið.

„Í dag sýndum við uppruna Evrópusambandsins sóma og með því að leggja blóm á gröf Altieros Spinelli sýndum við að við áttum okkur á því upp úr hverju þetta Evrópusamband er sprottið og að það varð til á myrkustu tímum Evrópu,“ sagði Merkel á blaðamannafundinum.

gudsteinn@frettabladid.is








Endurbætur á reglum um losunarkvóta eru á stefnuskrá Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Íbúar í ESB-löndum vilja meiri umhverfisvernd

**BELGÍA** Tveir af hverjum þremur íbúum Evrópusambandsins vilja að Evrópusambandið leggi meiri áherslu á umhverfismál en gert hefur verið.

Þetta sýnir skoðanakönnun sem Eurobarometer gerði fyrir Evrópuþingið. Spurð voru nærri 28 þúsund manns í öllum aðildarríkjum sambandsins.

Evrópusambandið hefur sett sér það markmið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti fjörutíu prósent fyrir árið 2030, efla vinnslu endurnýjanlegra orkugjafa og gera endurbætur á reglum um viðskipti með losunarkvóta.

Mestan áhuga á hertum umhverfisaðgerðum sýndu íbúar Svíþjóðar, Kýpur, Spánar, Frakklands og Rúmeníu, eða frá 76 prósentum upp í 83 prósent, en minnstan sýndu íbúar Eistlands, Póllands, Lettlands og Tékklands, eða frá 45 prósentum upp í 51 prósent. – gb

## Erfitt að manna frístundaheimilin

> Þetta er svipað ástand og hefur verið undanfarin tvö til þrjú ár, kannski aðeins verra,
>
> Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg

**REYKJAVÍK** Mikil mannekla er nú á frístundaheimilum Reykjavíkurborgar og dæmi eru um að frístundaheimili nái ekki að taka inn ný börn. Foreldrar hafa fengið póst þar sem kemur fram að ekki sé vitað hvenær börnin muni fá pláss.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er erfitt að segja til um ástandið í dag þar sem stór hluti starfsfólks séu háskólanemar og ekki sé hægt að ganga frá ráðningum fyrr en stundatöflur þeirra liggi fyrir.

„Þetta er svipað ástand og hefur verið undanfarin tvö til þrjú ár, kannski aðeins verra,“ segir Bjarni Brynjólfsson, upplýsingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg. „Það er eiginlega ekkert hægt að segja fyrr en stundatöflur háskólanna koma, því að voða mikið af starfsfólki kemur úr háskólunum,“ segir Bjarni. – sg

# RISA ÚTSALA

## LAGERHREINSUN
## á King Koil heilsudýnum í Queen og King stærðum!

**VERÐDÆMI!**
Queen Size (153x203 cm)
**FRÁ 98.755 kr.**

**VERÐDÆMI!**
King Size (193x203 cm)
**FRÁ 119.912 kr.**

ARGH!!! 220816#7

÷50%



**SUMMER GLOW**
Queen Size (153x203 cm)
Fullt verð 278.711 kr.
**NÚ 139.356 kr.**

÷20%



**HÆGINDASTÓLL**
með fótaskemil og hallandi baki
Fullt verð 43.500 kr.
**NÚ 34.800 kr.**

**Útlitsgallaðar, skila- og skiptidýnur á 50 til 60% afslætti!**

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

FRÉTTABLAÐIÐ
# SKOÐUN

# Innkaupalisti



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Að byrja í skóla er stór og mótandi viðburður í lífi sérhvers barns. Tími sem við deilum öll í minningunni en upplifum þó hvert og eitt með ólíkum hætti. Hvernig okkur líður, hvernig okkur er tekið og ekki síst hvernig við upplifum okkur sjálf í þessu stóra og mótandi samfélagi sem grunnskólinn er hefur mótandi áhrif um ókomna tíð. Það liggur því mikið við fyrir skóla jafnt sem foreldra að vel takist til.

Börnin sem eru að hefja skólagöngu sína eru auðvitað jafn ólík og þau eru mörg. Sum full af sjálfstrausti og eftirvæntingu, önnur kannski lítil í sér og bangin við þennan stóra heim og allt þar á milli. En við, sem sendum börnin í skólann, tökum við þeim þar og viljum auðvitað öll að þeim líði sem best, hljótum að sjá sóma okkar í því að þau njóti þess atlætis sem þarf til að blómstra við þessar nýju og framandi aðstæður. Þannig er það ekki í dag því miður.

Samtökin Barnaheill Save the Children á Íslandi standa um þessar mundir fyrir undirskriftasöfnun til þess að þrýsta á að réttur barna til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar sé virtur á Íslandi. Staðreyndin er að kostnaðurinn við að barn hefji skólagöngu getur verið allt frá 400 kr. og upp í 22.000 kr. á hvert og eitt barn samkvæmt úttekt Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þó svo einhverjum kunni að finnast að hér sé ekki um stórar upphæðir að ræða, jafnvel þó svo horft sé til hærri tölunnar, þá er það staðreynd að fyrir efnaminni fjölskyldur getur svo sannarlega munað um minni útgjöld. Í þessu er auðvitað fólgin gróf mismunun. Mismunun sem er ekki einvörðungu fólgin í misgóðum efnahag foreldranna með tilheyrandi álagi á viðkomandi, heldur einnig í aðstæðumun barnanna. Mismunun sem getur haft áhrif á upplifun þeirra af því að byrja í skóla.

Barn sem skynjar að þessi tímamót feli í sér fjárhagslegar byrðar fyrir heimilið og upplifir strax í upphafi skólagöngunnar efnahagslegt misrétti í samanburði við önnur börn nýtur þeirra daga ekki sem skyldi. Þessi gjaldtaka getur hæglega leitt til vanmáttarkenndar og óöryggis sem eru ekki góðir fylgifiskar inn í vonandi langt og farsælt skólastarf. Skólinn á að vera staður þar sem öll börn fá að njóta sín og blómstra á sínum forsendum en þessi smánarlega gjaldtaka fyrir það sem börnin þurfa til skólagöngunnar gengur þvert gegn slíkum markmiðum.

Ísland er aðili að barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samkvæmt honum eiga öll börn rétt á grunnmenntun án endurgjalds. Að bjóða börnin velkomin og rétta foreldrum þeirra reikning eða innkaupalista er augljóst brot á þeirri sátt. Brot sem ráðamenn hafa valið að lögfesta til þess að reyna að létta byrðina á þegar sveltu skólakerfi. Það er því full ástæða til þess að hvetja bæði Alþingi og sveitarstjórnir til þess að sjá til þess að látið verði af þessum ósóma. Hvetja til þess að það verði tryggt í raun að öll börn njóti sama réttar til náms án innkaupalista og reikninga og mæti til skólastarfsins sem jafningjar á jafningjagrunni.

**Þessi gjaldtaka getur hæglega leitt til vanmáttarkenndar og óöryggis sem eru ekki góðir fylgifiskar inn í vonandi langt og farsælt skólastarf.**

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR AF HÁGÆÐA FATASKÁPAEFNI.

Ekki missa af þessu tækifæri!

Hægt að fá fataskápa í eik, hvíttaðri eik og hvítu háglans.

Tilboð gildir út ágúst eða á meðan birgðir endast.

INNX Innréttingar

Fosshálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 577 1170
Fax 577 1172 • www.innx.is • innx@innx.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Fámennt í stjórnarliðinu**

Fimm þingfundardagar eru þar til þingi verður slitið og boðað til kosninga. Ríkisstjórnarflokkarnir töldu það gríðarlega mikilvægt að halda áfram samstarfi inn í haustið til að ljúka mikilvægum málum eins og það var orðað á sínum tíma. Hins vegar voru sex þingmannamál á dagskrá í dag og stóru mál ríkisstjórnarflokkanna hvergi sjáanleg. Í gær voru til að mynda sautján þingmenn stjórnarflokkanna sem mættu ekki til vinnu eða rétt tæplega helmingur þeirra. Til hvers að halda þing ef engin eru málin og menn mæta ekki í vinnuna?

**Viðreisn safnar fólki**

Pawel Bartoszek stærðfræðingur og Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, hafa ákveðið að ganga til liðs við Viðreisn og hyggja á framboð til Alþingis. Er nokkuð áhugavert að sjá að menn, sem beinlínis hafa verið virkir þátttakendur í Sjálfstæðisflokknum, skuli stökkva af vagni flokksins og ganga til liðs við evrópusinnaðan flokk Viðreisnar. Skal ósagt látið hvort þessar fréttir séu ástæða þess að fjármálaráðherra hefur verið einkennilega stuttur í spuna í viðtölum hingað til. Hins vegar verður erfitt fyrir Þorstein Víglundsson að berjast fyrir hag ungra barnafjölskyldna, rétt eftir að hann gagnrýndi hækkun fæðingarorlofs harðlega.

sveinn@frettabladid.is

# Vinstri menn vilja fjölga borgarfulltrúum



Sigríður Á. Andersen
þingmaður



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi

**Það vekur athygli að vinstri flokkarnir í borgarstjórn styðji með þessum hætti að Alþingi taki ráðin af borgarstjórn.**

Á síðasta kjörtímabili þrýsti vinstri stjórnin þeirri lagabreytingu í gegnum þingið að skylt yrði að fjölga borgarfulltrúum í Reykjavík við næstu borgarstjórnarkosningar úr 15 í að lágmarki 23 en í allt að 31.

Borgarfulltrúar í Reykjavík eru nú 15 og hafa aldrei verið fleiri að einu kjörtímabili undanskildu. Á kjörtímabilinu 1978-1982 var ákveðið að fjölga borgarfulltrúum úr 15 í 21 en á næsta kjörtímabili ákvað borgarstjórn að fækka þeim aftur og hefur síðan ekki séð ástæðu til að fjölga þeim aftur.

Engin ástæða er til að lögfesta þvingi borgaryfirvöld til fjölgunar borgarfulltrúa og að stækka þannig kerfið. Nú eru um átta þúsund kjósendur að baki hverjum borgarfulltrúa og er það svipað hlutfall og tíðkast í höfuðborgum Norðurlandanna.

Sigríður hefur því ásamt sjö öðrum þingmönnum lagt fram og mælt fyrir frumvarpi á Alþingi sem afnemur þessa skyldu til fjölgunar borgarfulltrúa. Frumvarpið bíður þess nú að verða afgreitt úr nefnd til annarrar umræðu. Kjartan hefur ásamt öðrum borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins flutt tillögu um að borgarstjórn skori á Alþingi að breyta umræddu lagaákvæði þannig að borgarstjórn hafi sjálfdæmi um hvort borgarfulltrúum verði fjölgað eða ekki.

Í umsögn forsætisnefndar borgarinnar um frumvarp Sigríðar er lagst gegn því. Vinstri flokkarnir í borgarstjórn, Samfylking, Björt framtíð, Píratar og Vinstri græn, styðja þar með að borgarfulltrúum í Reykjavík verði fjölgað um a.m.k. 53 prósent.

Það vekur sérstaka athygli að vinstri flokkarnir í borgarstjórn styðji með þessum hætti að Alþingi taki ráðin af borgarstjórninni. En þar sem um er að ræða útþenslu kerfisins þarf það ekki að koma á óvart að vinstri flokkarnir líti til fjölgunar borgarfulltrúa með sérstakri velþóknun.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Gróðureyðing í boði VG, Sjálfstæðis og Framsóknar



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Búvörusamningarnir sem ofangreindir þrír flokkar á Alþingi hafa sameinast um að styðja eru sama eðlis og fyrri slíkir samningar sem gerðir hafa verið þar sem er hrært saman byggðastefnu og eðlilegu starfsumhverfi atvinnugreinarinnar landbúnaðar.

Meðal þess sem sauðfjárhluti landbúnaðarsamningsins hvetur til er aukin gróðureyðing á viðkvæmum svæðum. Prófessor við Landbúnaðarháskólann hefur varað við þessu í blaðagreinum án þess að því hafi verið mótmælt.

Við eðlilegar kringumstæður væri staðið að slíkri samningagerð með allt öðrum hætti en gert var nú. Markmið slíks samnings yrðu væntanlega skilgreind á þá leið að stefnt væri að því að landbúnaði yrðu búin starfsskilyrði eins og hverri annarri atvinnugrein með lágmarksafskiptum ríkisvaldsins af framleiðslu bænda.

**Það er sérstakt að árið 2016 skuli vera þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi sem hafa enn ekki skilning á því að fjölbreytni og þróun framleiðsluvöru er ekki afgreidd í eitt skipti fyrir öll og að neytendur láta ekki lengur bjóða sér að sagt sé við þá líkt og haft var eftir formanni Bændasamtakanna að þjóðin gæti svo sem alveg fengið ákveðna tegund af osti af því að umbjóðendur hans framleiddu hana ekki!**

Samhliða væri gerður annar samningur sem bændur gætu gengið að sem fjallaði um hvernig megi tryggja byggð um landið. Þar væri ekki verið að telja upp framleiðslu tiltekinna matvæla, sem skilyrði þess að bændur fái greitt, heldur fái þeir byggðastyrki sem fylgi byggðamarkmiðum eftir því hvar þeir búa. Þeir réðu því síðan sjálfir hvað þeir framleiddu.

### MS – einelt einokunarfyrirtæki?

Einn forystumanna Vinstri grænna skrifaði grein í Frbl. til varnar Mjólkursamsölunni þar sem hann telur að MS sé lagt í einelti og minnir á að eigendur MS séu um 600 kúabændur sem hafa komið „sér upp samvinnu um fyrirtæki sem heitir MS til að annast milligöngu og vinna afurðir á eins hagkvæman og ódýran máta og mögulegt er fyrir sjálfa sig og neytendur“.

Þetta er gott svo langt sem það nær ef ekki vildi svo til að fyrirtækið MS er nánast eitt á markaði og nýtur sérstakrar undanþágu frá samkeppnislögum.

Hvað þætti okkur um ef t.d. bakarar, tölvufyrirtæki eða bílasalar gerðu slíkt hið sama, þ.e. komi „sér upp samvinnu um fyrirtæki […] til að annast milligöngu og vinna afurðir á eins hagkvæman og ódýran máta og mögulegt er fyrir sjálfa sig og neytendur“ og nytu til þess stuðnings ríkisvaldsins með undanþágu frá samkeppnislögum? Þetta hljómar e.t.v. ekki illa á pappír en trúir því nokkur að ríkisvernduð einokun færi neytendum þá fjölbreytni, verðlag og þjónustu sem almenningur gerir kröfur um?

### Landbúnaður eins og hver önnur atvinnugrein

Ráðamenn landbúnaðar hafa alla tíð reynt að telja landsmönnum trú um að þeirra framleiðsla sé svo sérstök og öðruvísi að um hana gildi önnur lögmál en um aðra framleiðslu. Vissulega er hægt að sjá fyrir sér að fyrirtæki á borð við MS væri styrkt til að safna saman mjólk frá bændum vítt og breitt um landið og sjá úrvinnsluaðilum fyrir hráefni. En að bæði hráefna- og úrvinnsla megi vera á sömu hendi býður upp á einokun af versta tagi eins og landsmenn hafa fengið að finna fyrir og Samkeppnisstofnun hefur gert athugasemdir við.

Það er sérstakt að árið 2016 skuli vera þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi sem hafa enn ekki skilning á því að fjölbreytni og þróun framleiðsluvöru er ekki afgreidd í eitt skipti fyrir öll og að neytendur láta ekki lengur bjóða sér að sagt sé við þá líkt og haft var eftir formanni Bændasamtakanna að þjóðin gæti svo sem alveg fengið ákveðna tegund af osti af því að umbjóðendur hans framleiddu hana ekki! Slík afgreiðsla mála var algeng fyrr á tímum og ráðamenn telja augljóslega slíkar trakteringar ennþá boðlegar íslenskum almenningi.






# Litið í eigin barm




**Páll Harðarson**
forstjóri Nasdaq Iceland

**Baldur Thorlacius**
forstöðumaður eftirlitssviðs Nasdaq Iceland

Í grein sem birtist í Fréttablaðinu 6. júlí sl. (Að líta í eigin barm) gerði Helgi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður að umtalsefni gagnrýni Kauphallarinnar á viðskiptahætti á hlutabréfamarkaði í aðdraganda hrunsins. Finnst honum sem Kauphöllin gagnrýni nú viðskiptahætti sem hún áður viðurkenndi sem góða og gilda. Helgi ræðir markaðsmisnotkunarmál Landsbankans í þessu samhengi en umbjóðandi hans var dæmdur í Hæstarétti í því máli.

Helgi líkir eftirliti Kauphallarinnar við flugumferðarstjóra sem setji flugstjórum viðmið um eftir hvaða leiðum þeir megi fljúga. Þannig hafi Kauphöllin auga með verðbréfamiðlurum og setji þeim viðmið um hvað þeim sé heimilt og hvað ekki. Kauphöllin hafi frá stofnun og til haustsins 2008 heimilað að farið væri eftir ákveðnum leiðum. Þessi samlíking er villandi. Það er ekki hlutverk Kauphallarinnar að skoða forsendur tilboða eða viðskipta og veita samþykki fyrir þeim. Samkvæmt reglum Kauphallarinnar er það á ábyrgð miðlara að allar færslur séu í samræmi við lög og reglur.

Nærtækara væri að líkja hlutverki Kauphallarinnar við eftirlit lögreglunnar með umferð. Ökumenn fá ekki staðfestingu á því að þeir megi aka á tilteknum hraða heldur er það á þeirra ábyrgð að aka löglega. Lögreglan beitir síðan sínum eftirlitsúrræðum og grípur inn í, verði hún vör við lögbrot. Ökumaður sem er gripinn yfir löglegum hámarkshraða getur ekki borið fyrir sig að hafa alltaf keyrt á þeim hraða og séð aðra gera það líka, án athugasemda frá lögreglunni.

Það er líka rangt að sú háttsemi sem dómur Hæstaréttar í umræddu máli nær til hafi verið við lýði allt frá stofnun markaða til haustsins 2008. Afar skýr skil verða í nóvember 2007. Frá þeim tíma og fram að falli Landsbankans voru kaup hans langt umfram sölu í pöruðum viðskiptum (rafræn pörun kaup- og sölutilboða) eða samtals um 47,2% af allri veltu í slíkum viðskiptum. Fram að þeim tíma voru kaup Landsbankans „oft lítil [...] miðað við það sem síðar varð“, eins og segir í dóminum.[1]

Af grein Helga má ráða að í gögnum markaðsmisnotkunarmáls Landsbankans hafi komið fram að starfsmenn Kauphallarinnar hefðu talið aðkomu bankanna að viðskiptum með eigin bréf mikilvæga forsendu fyrir því að hér gæti þrifist hlutabréfamarkaður. Starfsfólk Kauphallarinnar hefur aldrei haldið slíku fram.

### Alrangt

Helgi fullyrðir jafnframt að Kauphöllin hafi í bréfi til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við þátt eigin viðskipta bankans. Þetta er alrangt. Í bréfinu taldi Kauphöllin þvert á móti viðskiptahættina stangast á við lög enda var það hún sem uppgötvaði málið og kom því til Fjármálaeftirlitsins. Útskýrir Kauphöllin ítarlega hvers vegna viðskiptahættir eigin viðskipta Landsbankans voru henni huldir svona lengi. Við greiningu á viðskiptum bankanna haustið 2008 blasti ekki við að Landsbankinn hefði verið umfangsmikill kaupandi eigin hlutabréfa í pöruðum viðskiptum. Önnur viðskipti bankans skekktu myndina og leggja þurfti í nokkra greiningu áður en málavextir tóku að skýrast. Niðurstaðan var alvarlegri en nokkurn hafði grunað.

Helgi gefur í skyn að viðskipti Landsbankans hafi verið í samræmi við almenna framkvæmd innan Evrópu og að markmiðið hafi verið að tryggja „hnökralausa verðmyndun“. Þetta er einnig rangt.

Ekkert bendir til þess að viðskipti Landsbankans hafi verið í samræmi við almenna markaðsframkvæmd í Evrópu. Kauphöllin hefur haldið kynningu á kaupum bankanna á eigin hlutabréfum fyrir lykilstarfsmenn eftirlitseininga stærstu kauphalla í heimi ásamt opinberum eftirlitsaðilum. Var samdóma álit áheyrenda að umræddir viðskiptahættir fælu í sér skýrar vísbendingar um markaðsmisnotkun.

Þá ætti aðili sem hyggst tryggja hnökralausa verðmyndun og sjá til þess að fjárfestar geti á hverjum tíma keypt og selt bréf að haga tilboðum sínum þannig að hann hafi sem minnst áhrif á verð. Fjarstæðukennt er að halda því fram að Landsbankinn hafi hegðað sér þannig, enda var hann umfangsmesti kaupandi eigin hlutabréfa í tilboðabók Kauphallarinnar í marga mánuði en seldi nánast aldrei.

Ef skráð félag hyggst kaupa til baka eigin bréf á markaði getur það fylgt endurkaupaáætlun. Eiga þá ákvæði verðbréfaviðskiptalaga um markaðsmisnotkun ekki við að því gefnu að endurkaupaáætlunin uppfylli ströng skilyrði um framkvæmd viðskiptanna, svo sem um hámarksverð, magn og upplýsingagjöf. Ekkert af þessu átti við um viðskipti Landsbankans.

Í lok greinarinnar nefnir Helgi að e.t.v. ætti Kauphöllin að líta í eigin barm í stað þess að beina sjónum sínum að þeim sem dæmdir hafa verið fyrir refsiverða háttsemi á verðbréfamarkaði.

**Helgi fullyrðir jafnframt að Kauphöllin hafi í bréfi til Fjármálaeftirlitsins á árinu 2011 ekki talið ástæðu til að gera athugasemdir við þátt eigin viðskipta bankans. Þetta er alrangt.**

### Fagnar ábendingum

Kauphöllin fagnar ábendingum sem styrkja starfshætti hennar og efla verðbréfamarkaðinn. Kauphöllin sá fullt tilefni til að líta í eigin barm og hefur hún dregið lærdóm af þeim málum sem upp komu. Gerðar hafa verið breytingar á skipulagi, innri verkferlum og eftirlitshugbúnaði svo mögulegt sé að uppgötva slík mál fyrr eða jafnvel fyrirbyggja þau. Samstarf við Fjármálaeftirlitið hefur einnig verið eflt. Þessi mál voru óvenjuleg og kölluðu á afar sértæka greiningu, sem eftirlitsaðilar á verðbréfamörkuðum framkvæmdu ekki að jafnaði á þessum árum. Þess vegna hefur verið lögð aukin áhersla á að greina aðstæður með víðsýni að leiðarljósi, til þess að geta brugðist rétt og örugglega við hverjum þeim óvenjulegu aðstæðum sem komið gætu upp í framtíðinni.

Afleiðingar brota af því tagi sem hér um ræðir geta verið mjög alvarlegar. Í dómi Hæstaréttar í markaðsmisnotkunarmáli Landsbankans segir: „Brotin leiddu til alvarlegrar röskunar á verðbréfamarkaði með víðtækum afleiðingum fyrir fjármálamarkaðinn hér á landi og allan almenning, en tjónið, sem af þeim hlaust, verður ekki metið til fjár.“

Orkunni er betur varið í að fyrirbyggja að svo alvarleg brot endurtaki sig en að réttlæta viðskiptahætti sem ollu stórkostlegu tjóni.

[1] Þessa þróun má sjá myndrænt á mynd 30 í 4. hefti skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði.




# Ætla stjórnarflokkarnir að svíkja kosningaloforðin?



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Nú er búið að ákveða kjördag alþingiskosninga í haust: 29. október. Það eru því aðeins 2½ mánuður til kosninga. Alþingiskosningar voru 2013. Þá héldu stjórnarflokkarnir flokksþing og samþykktu sínar kosningastefnuskrár; samþykktu fyrirheit til kjósenda. Þar voru stór kosningaloforð við aldraða og öryrkja samþykkt, þar á meðal stærsta loforðið varðandi kjaragliðnun krepputímans. Það er ekki farið að efna þessi loforð ennþá, nú rétt fyrir kosningar!

### Átti að leiðréttast strax

Sjálfstæðisflokkurinn samþykkti að ellilífeyrir yrði leiðréttur strax til samanburðar við þær hækkanir, sem orðið hefðu á lægstu launum frá árinu 2009. Þetta er mjög skýrt loforð og óskiljanlegt hvers vegna það var ekki efnt strax 2013 eins og lofað var; nema aldrei hafi verið ætlunin að efna það og aðeins meiningin að blekkja kjósendur! Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn tækifæri til þess að afsanna slíkar hugmyndir og standa við loforðið strax í upphafi sumarþings.

Framsóknarflokkurinn samþykkti að leiðrétta ætti lífeyri vegna kjaragliðnunar (kjaraskerðingar) krepputímans. Framsókn hefur ekki fremur en Sjálfstæðisflokkurinn minnst á þetta loforð frá því að ríkisstjórnin tók við völdum 2013. Fyrst nú „korteri“ fyrir kosningar fór Sigmundur Davíð, formaður flokksins, að tala um að bæta þyrfti kjör aldraðra og öryrkja (ótilgreint). Sigmundur mun því áreiðanlega hjálpa til við efndir á kosningaloforðinu þó utan stjórnar sé. En það er stuttur tími til stefnu. Efni stjórnarflokkarnir ekki þetta stóra kosningaloforð, eru það stærstu kosningasvik við aldraða og öryrkja, sem framin hafa verið.

### Stórt loforð Bjarna óuppfyllt!

Kosningaloforðin, sem gefin voru öldruðum og öryrkjum 2013, voru fleiri. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sendi eldri borgurum bréf og lofaði þeim því, að hann

**Efni stjórnarflokkarnir ekki þetta stóra kosningaloforð, eru það stærstu kosningasvik við aldraða og öryrkja, sem framin hafa verið.**

mundi afnema tekjutengingu ellilífeyris fengi hann tækifæri til. Hann fékk tækifærið strax 2013 en hefur ekkert gert í því að efna loforðið. Loforðið þýðir að hætta á alveg að skerða lífeyri TR vegna greiðslna úr lífeyrissjóði og vegna tekna af atvinnu og fjármagni. Þetta skiptir aldraða og öryrkja miklu máli, ef það er efnt. Með því að þingið er komið saman getur Bjarni efnt þetta strax á morgun ásamt loforðinu um leiðréttingu vegna kjaragliðnunar.

Það eina sem stjórnarflokkarnir efndu af kosningaloforðum á sumarþinginu 2013 var þetta: Grunnlífeyrir var leiðréttur og frítekjumark vegna atvinnutekna var leiðrétt en ríkisstjórnin hefur boðað, að hvort tveggja verði afturkallað, skv. nýju frumvarpi. Ekkert annað hefur ríkisstjórnin gert í að efna kosningaloforðin frá 2012.

# Dekrið við óvildina



**Gunnlaugur Stefánsson**
Heydölum

Pólitísk hugmyndafræði kennd við járntjaldið í Austur-Þýskalandi eftir miðja síðustu öld þoldi ekki málefnalega umræðu og var eitur í beinum stjórnvalda, en pólitískir sérfræðingar skyldu öllu ráða og hafa vit fyrir fólki. Þröstur Ólafsson hagfræðingur þekkir vel til þeirrar sögu og eplið fellur sjaldan langt frá eikinni eins og greinilega kom fram í viðbrögðum hans í pistli hér í Fréttablaðinu við grein minni „Dekrið við skrumið“ í sama blaði. Þar benti ég m.a. á tvískinnunginn í öfgafullri sérfræðihyggjunni sem nærist af skriffinnsku og dekri við skrumið í fílabeinsturnum í Reykjavík og virðir einskis reynslu og þekkingu fólksins sem deilir kjörum með lífríkinu. Yfirskrift pistils hagfræðingsins er táknræn, „Að sá tortryggni og ala á óvild“. Tískubylgjur nútímans bera stundum keim af pólitískri hugmyndafræði járntjaldsins, rétttrúnaði um málstað sem enginn má efast um, af því að sérfræðingar eiga að ráða skoðunum og verkum. Þeir sem þora að benda á skrumið skulu þá sakaðir um óvild gegn ríkinu eða öllu lífríkinu, eins og Þröstur hagfræðingur boðar. Þá er dekrið við skrumið komið út í öfgar.

ÚRVAL ÚTSÝN

# HAUSTSÓLIN ÞÍN MEÐ OKKUR!

FRÁBÆR VERÐ Í SÓLINA Í SEPTEMBER

VIÐ HÖLDUM ÁFRAM MEÐ SAMA LÁGA VERÐIÐ. SÖLUMENN SVARA Í SÍMA 585 4000 OG TAKA VEL Á MÓTI VIÐSKIPTAVINUM Í HLÍÐASMÁRA 19, ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á UU.IS.

MALLORCA



Alcudia
## SOL ALCUDIA CENTER ★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 50 m

VERÐ FRÁ **49.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. 6. - 13. sept. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 69.900 kr.

Sol Alcudia Center er staðsett á fallegum stað, 150 metra frá strönd. Vel búnar íbúðir með eldhúskrók og verslun er beint fyrir utan. Stór sundlaug í garðinum og fín aðstaða til sólbaða.

BENIDORM / HÁLFU FÆÐI



Benidorm
## MELIA BENIDORM ★★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 900 m

VERÐ FRÁ **89.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði. 6.- 14. sept. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 99.900 kr.

Melia Benidorm er gott 4ra stjörnu hótel staðsett í Rincon de Loix, um 900 metra frá Levante ströndinni. Vel útbúin herbergi sem öll snúa út að sundlaugagarðinum. Fjölbreytt skemmtidagskrá er á hótelinu

TENERIFE



Los Cristianos
## SUITES AT BEVERLY HILLS ★★★
Skemmtiklúbbur | Fæði | Strönd 800 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíó með morgunverði. 3.-10. sept. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 154.900 kr.

The Suites at Beverly Hills er snyrtileg 3 stjörnu íbúðagisting í Los Cristianos. Hótelið er staðsett í hlíð fyrir ofan Los Cristianos í um 15-20 mín göngufjarlægð frá ströndinni og miðbæ Los Cristianos.

KANARÍ / HÁLFT FÆÐI



Maspalomas
## MASPALOMAS PRINCESS ★★★★
Skemmtidagskrá | Fæði | Strönd 3 km

VERÐ FRÁ **99.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði. 28. sept. – 5. okt. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 129.900 kr.

Glæsilegt 4ra stjörnu hótel staðsett um 3 km frá Ensku ströndinni. Stór og góður sundlaugagarður í suðrænum stíl er við hótelið með góðri sólbaðsaðstöðu með mikið af bekkjum.

KANARÍ



Enska ströndin
## TENEGUIA ★★
Strönd 500 m

VERÐ FRÁ **69.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð með 1 svefnherbergi með sundlaugarsýn 5. - 12. okt. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 92.800 kr.

Íbúðagisting staðsett við Tirajana götuna. Teneguia er í nálægð við verslunarsvæðið Yumbo Center. Stutt er í alla þjónustu, verslanir og veitingahús. Ganga niður að strönd tekur u.þ.b. 10 mínútur.

TENERIFE / LÚXUS



Playa de las Americas
## VILLA CORTES ★★★★★
Barnaklúbbur | Fæði | Strönd 150 m

VERÐ FRÁ **148.900 KR.***

*á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn. í tvíbýlí með morgunverði. 24. sept. - 1. okt. Verð á mann m.v. 2 fullorðna 169.900 kr.

Allt hótelið er í mexíkóskum stíl. Hótel fyrir þá kröfuhörðustu sem vilja slökun og rólegheit ásamt því að njóta mestu þæginda og þjónustu sem völ er á. Æðislegur sundlaugagarður með stórri sundlaug og barnalaug.

Ath. Gildir aðeins með nýjum bókunum.

SÉRTILBOÐ TIL 26. ÁGÚST



1. – 8. SEPTEMBER 2016

## GRANADA **SPÁNN**

Einstök ferð fyrir þá sem vilja njóta menningar, arkitektúrs, sögu og orku stórborgar en á sama tíma eiga kost á slökun við sundlaugina. Fararstjóri; Fjalar Ólafsson

**VERÐ FRÁ 89.900 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði



10. – 13. NÓVEMBER 2016

## SAGA STRÍÐANA **BERLÍN**

Berlín er miðpunkturinn í öllum helstu viðburðum Evrópusögunnar og leiðir Svavar Gestson hópinn í þessari frábæru ferð. Þessi ferð seldist upp síðast haust.

**VERÐ FRÁ 105.900 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði



3. – 15. NÓVEMBER 2016

## BANGKOK & HUA HIN **THAILAND**

Hér er þitt austurlenska ævintýri. Ferð sem sameinar strandarlíf við fagra strönd og upplifun á framandi slóðum. 8 nætur á Hua Hin og 3 nætur í Bangkok. Fararstjóri; Kristján Steinsson.

**VERÐ FRÁ 298.900 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði.



BORGARFEÐIR Í HAUST OG VETUR 2016

## BERLÍN, BRIGHTON, BÚDAPEST & DUBLIN

**ERTU MEÐ HÓP?**

Við skipuleggjum ferðir fyrir stóra og litla hópa. Höfum áratuga reynslu af skipulagningu borgarferða bæði fyrir einstaklinga og hópa. Sendu fyrirspurn á **hopar@uu.is**

**VERÐ FRÁ 79.900 KR.**
á mann í tvíbýli með morgunverði.

Innifalið í verði hjá Úrvali Útsýn er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 20 Kópavogi | 585 4000 | uu.is

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT




Íslenska þjálfarateymið á fundinum í Laugardal í gær. Frá vinstri eru Guðmundur Hreiðarsson, Helgi Kolviðsson og Heimir Hallgrímsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Þurfum að kveikja í mönnum

**Íslenska landsliðið verður að stærstum hluta óbreytt þegar það hefur leik í undankeppni HM 2018. Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari segir að það verði stórt verkefni að núllstilla hópinn fyrir nýtt verkefni.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** „Mestu máli skiptir að fá alla til að róa í sömu átt, líkt og við gerðum í Frakklandi. Það er það allra mikilvægasta,“ segir Heimir Hallgrímsson landsliðsþjálfari, sem valdi í gær sinn fyrsta leikmannahóp eftir Evrópumótið í sumar.

Þetta verður í fyrsta sinn sem landsliðið kemur aftur saman eftir gott gengi liðsins á EM í Frakklandi þar sem Ísland fór í 8-liða úrslit en féll úr leik eftir tap fyrir heimamönnum.

Landsliðshópurinn samanstendur að langstærstum hluta af sama hópi leikmanna sem fór til Frakklands. Eiður Smári Guðjohnsen, sem er án félags í dag, verður ekki með í för og Hjörtur Hermannsson verður fremur notaður í U-21 liði Íslands. Inn í þeirra stað koma Viðar Örn Kjartansson og Hólmar Örn Eyjólfsson.

### Mun erfiðara verkefni en síðast

Árangur Íslands á EM í sumar vakti heimsathygli og er á lista yfir stærstu stundir íslenskrar íþróttasögu. En fram undan er það erfiða verkefni að koma íslensku knattspyrnulandsliði á HM í fyrsta sinn í sögunni.

Eins og Heimir benti sjálfur á á blaðamannafundi sínum í gær er það mun erfiðara að koma liði á HM en EM. Til samanburðar má nefna að þrettán Evrópuþjóðir komast á HM úr undankeppninni en 24 þjóðir tóku þátt í EM síðastliðið sumar.

„Okkar menn þurfa að gera sér grein fyrir því hvað það var sem gerði það að verkum að við náðum árangri í Frakklandi,“ segir Heimir. „Menn þurfa að finna hvernig liðsheildin vann saman og hvað við gerðum úti á vellinum. Við þurfum að hjálpa þeim að finna rétta hugarfarið og kveikja í mönnum á nýjan leik.“

### Spila á tómum risavelli

Engan óraði fyrir að Ísland myndi ná þeim árangri sem liðið gerði. Auk þess var allt umfangið í kringum mótið mun meira en allir í kringum íslenska liðið reiknuðu með.

„Við vissum að þetta yrði stórt en gerðum okkur ekki grein fyrir því að þetta yrði jafn stórt og það var. Fyrir EM óttuðumst við einmitt þetta – að það yrði erfitt að núllstilla sig fyrir næstu keppni,“ segir Heimir.

Úkraína þarf að spila næsta heimaleik sinn fyrir luktum dyrum vegna hegðunar stuðningsmanna í leik Úkraínu gegn Spáni í október á síðasta ári. Voru áhorfendur á þeim leik sakaðir um kynþáttaníð.

„Síðasti leikur okkar var á fullum Stade de France þar sem við vorum að spila við Frakka fyrir framan fullt af Íslendingum. Nú verðum við að spila á tómum risavelli,“ segir Heimir. „Það verður því margt skrítið og það verður erfitt fyrir menn að fara af stað af þeim krafti sem þarf.“

### Afslappaður undirbúningur

Heimir segir að landsliðsþjálfarateymið hafi gefið leikmönnum svigrúm eftir EM í sumar og mun þar að auki hafa undirbúninginn fyrir leikinn gegn Úkraínu afslappaðan. Til að mynda verður ekki spilaður æfingaleikur í vikunni fyrir leikinn, þrátt fyrir að það hafi staðið íslenska liðinu til boða. Þess í stað mun liðið æfa saman þrjá daga í Þýskalandi áður en það heldur svo til Úkraínu.

„Við vorum lengi saman í Frakklandi og við teljum að það sé betri kostur að gera þetta svona. Við gefum leikmönnum til dæmis aukadag í frí heima hjá sér áður en þeir koma til okkar, svo þeir geti slakað eins mikið á og kostur er.“

Leikmenn landsliðsins eru flestir byrjaðir að spila með félagsliðum sínum á nýjan leik en þó eru margir enn að koma sér almennilega af stað eftir sumarið.

„Algengt er að leikmenn sem eru lengi í lokakeppni yfir sumarið séu lengur af stað um haustið og því ekki komnir í sitt besta stand. En það sem við höfum séð af leikmönnum hingað til lofar góðu.“

## Íslenski landsliðshópurinn

**Markverðir**
**Hannes Þór Halldórsson,** Randers
**Ögmundur Kristinsson,** Hammarby
**Ingvar Jónsson,** Sandefjord

**Varnarmenn**
**Birkir Már Sævarsson,** Hammarby
**Ragnar Sigurðsson,** Fulham
**Kári Árnason,** Malmö
**Ari Freyr Skúlason,** Lokeren
**Sverrir Ingi Ingason,** Lokeren
**Haukur Heiðar Hauksson,** AIK
**Hörður Björgvin Magnússon,** Bristol City
**Hólmar Örn Eyjólfsson,** Rosenborg

**Miðjumenn**
**Aron Einar Gunnarsson,** Cardiff City
**Emil Hallfreðsson,** Udinese
**Birkir Bjarnason,** Basel
**Jóhann Berg Guðmundsson,** Burnley
**Gylfi Þór Sigurðsson,** Swansea
**Theodór Elmar Bjarnason,** AGF
**Rúnar Már Sigurjónsson,** Grashopper
**Arnór Ingvi Traustason,** Rapid Vín

**Sóknarmenn**
**Kolbeinn Sigþórsson,** Nantes
**Alfreð Finnbogason,** Augsburg
**Jón Daði Böðvarsson,** Wolves
**Viðar Örn Kjartansson,** Malmö

## Óreyndur þjálfari en með mikla reynslu

**Andriy Shevchenko** var í sumar ráðinn nýr landsliðsþjálfari Úkraínu og hans fyrsta verk verður að taka á móti íslenska landsliðinu í undankeppni HM 2018.

**Helgi Kolviðsson,** nýr aðstoðarlandsliðsþjálfari Íslands, fylgdist vel með Úkraínu á EM í sumar og segir liðið gríðarlega sterkt þó svo að Úkraínumenn hafi tapað öllum sínum leikjum í Frakklandi og ekki náð að skora mark.

Með nýjum þjálfara koma nýjar áherslur og sagði Helgi á blaðamannafundi KSÍ í gær að mikill undirbúningur sé að baki hjá íslenska liðinu fyrir leikinn til að geta undirbúið leikmenn fyrir hvaða aðstæður sem er.

Helgi segir enn fremur að þó að Shevchenko hafi ekki mikla reynslu sem þjálfari komi það ekki að sök. „Hann er stjarnan í Úkraínu enda búinn að vinna alla titla sem hægt er sem leikmaður. Hann veit hvað býr í liðinu og með hans innkomu vilja þeir fá hugarfar sigurvegarans í leikmannahópinn,“ segir Helgi.

„Hann býr að mikilli reynslu frá leikmannsferli sínum enda hefur hann starfað með mörgum af bestu þjálfurum Evrópu á ferlinum. Hann er líka með stóran hóp í kringum sig í sínu starfsliði.“

Shevchenko verður fertugur í lok næsta mánaðar en hann spilaði með Dynamo Kiev, AC Milan og Chelsea á tæplega tveggja áratuga ferli, auk þess að eiga að baki 111 landsleiki með Úkraínu.

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

| | |
|---|---|
| **V. Plzen - Ludogorets** | **2-2** |
| Ludogorets fór áfram, 2-4, samanlagt. | |
| **Beer Sheva - Celtic** | **2-0** |
| Celtic fór áfram, 4-5, samanlagt. | |
| **Legía Varsjá - Dundalk** | **1-1** |
| Legia fór áfram, 3-1, samanlagt. | |
| **Roma - Porto** | **0-3** |
| Porto fór áfram, 1-4, samanlagt. | |
| **Monaco- Villarreal** | **1-0** |
| Monaco fór áfram, 3-1, samanlagt. | |

### SAMDI VIÐ FULHAM

Ragnar Sigurðsson, varnarmaður íslenska landsliðsins, gekk í gær í raðir enska B-deildarliðsins Fulham.

Ragnar gerði tveggja ára samning við Fulham en hann kemur til félagsins frá Krasnodar í Rússlandi. Kaupverð Ragnars var ekki gefið upp.

Ragnar er uppalinn hjá Fylki en hefur einnig spilað með IFK Gautaborg og FC Kaupmannahöfn.

Fulham er sem stendur í fimmta sæti ensku B-deildarinnar eftir fjórar umferðir og hefur enn ekki tapað leik á tímabilinu.

Sjálfur hefur Ragnar lengi stefnt að því að komast í ensku úrvalsdeildina og var eftir góða frammistöðu á EM í sumar orðaður við nokkur ensk úrvalsdeildarlið. „Hann er alsæll með þetta enda hefur hann haft lengi augastað á því að spila í Englandi,“ sagði Sigurður Sveinsson, faðir Ragnars, við íþróttadeild í gær.

### GRÁTLEGT HJÁ BLIKUM

Íslandsmeistarar Breiðabliks hófu í gær leik í undankeppni Meistaradeildar Evrópu.

Blikastúlkur taka þátt í riðli í Wales og efsta lið riðilsins fer beint í 32-liða úrslit keppninnar.

Breiðablik er í riðli með Spartak Subotica, NSA Sofia og Cardiff Met og eru liðin í riðli 3.

Blikar byrjuðu á því að spila gegn Spartak Subotica og urðu að sætta sig við jafntefli á grátlegan hátt.

Markalaust var í leikhléi en rúmum 20 mínútum fyrir leikslok náðu Blikastúlkur að brjóta ísinn. Þá skoraði Berglind Björg Þorvaldsdóttir fyrir Blikana.

Er uppbótartíminn var að renna út náðu Spartak-stúlkur að skora og tryggja sér stig í leiknum.

Blikastúlkur áttu 21 skot í leiknum en Spartak aðeins 7. Það segir sína sögu um yfirburði Blika í leiknum.



Á fimmtudaginn munu Blikastúlkur spila gegn NSA Sofia og lokaleikurinn gegn Cardiff fer fram á sunnudag.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **17.50** | **Stjarnan - ÍBV** | Sport 2 |
| **18.40** | **Man. City - Steaua B.** | Sport |

**Pepsi-deild kvenna:**

| | | |
|---|---|---|
| **18.00** | **FH - Valur** | Kaplakrikav. |
| **18.00** | **ÍA - Fylkir** | Norðurálsv. |
| **18.00** | **Stjarnan - ÍBV** | Samsung-v. |
| **18.00** | **KR - Þór/KA** | Samsung-v. |

# VIÐ BREYTUM OG BÆTUM Í SMÁRALIND

# RÝMINGAR SALA

# 25% AFSLÁTTUR AF ALLRI MATVÖRU OG SÉRVÖRU, 20% AF ALLRI SNYRTIVÖRU*

## AÐEINS Í SMÁRALIND
## 24.-28. ÁGÚST

*ÖNNUR TILBOÐ GILDA EKKI Á RÝMINGARSÖLUNNI

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## Merkisatburðir

**1608** Fyrsti opinberi fulltrúi Bretlands stígur á land við Surat á Indlandi.
**1841** Bjarni Thorarensen, amtmaður og skáld, deyr 54 ára gamall. Jónas Hallgrímsson orti um hann erfiljóð sem hefst þannig: Skjótt hefur sól brugðið sumri.
**1906** Ritsími á milli Skotlands og Íslands um Hjaltland og Færeyjar er opnaður og var sæsímastrengurinn 534 sjómílur á lengd.
**1944** Sveinn Björnsson, forseti Íslands, og Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, ræðast við í Hvíta húsinu í Washington, en Sveinn var í opinberri heimsókn í Bandaríkjunum.
**1938** Halldór Blöndal ráðherra fæðist þennan dag.
**1947** Ólafur Haukur Símonarson rithöfundur fæðist þennan dag.
**1968** Norræna húsið í Reykjavík er vígt. Finnski arkitektinn Alvar Aalto teiknaði bygginguna. Norðmaðurinn Ivar Eskeland var ráðinn fyrsti forstöðumaður hússins.
**1980** Fyrstu alþjóðlegu rallkeppninni á Íslandi lýkur eftir fimm daga keppni.
**1983** Fjölmennur fundur í Reykjavík, sem haldinn er í veitingahúsinu Sigtúni af svokölluðum Sigtúnshópi, krefst breytinga á húsnæðislánakerfinu.
**1991** Úkraína fær sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
**2006** Á þingi Alþjóðasambands stjarnfræðinga er samþykkt að telja Plútó ekki lengur til reikistjarna sólkerfisins.
**2008** Ísland vinnur silfurverðlaun í handbolta á Ólympíuleikunum í Peking 2008.
**2012** Dómur er kveðinn upp yfir fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik, sem myrti 77 manns sumarið 2011, með öflugri bílasprengju í miðborg Óslóar og svo með skotárásum í Útey.

# Tré ársins útnefnt í dag

**Alaskaöspin við Hákot í Grjótaþorpinu hlýtur nafnbótina Tré ársins á slaginu tvö í dag við hátíðlega athöfn. Tréð er hlaðið sögu líkt og önnur sem hlotið hafa titilinn hingað til.**

Í dag mun Skógræktarfélag Íslands útnefna Tré ársins 2016 við hátíðlega athöfn. Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur segir útnefninguna fyrir löngu hafa fest sig í sessi innan félagsins en viðurkenningin hafi verið veitt í um tuttugu ár. „Í ár er það alaskaösp við Hákot í Grjótaþorpinu sem hreppir hnossið,“ segir Ragnheiður og segir öspina eiga sér merkilega sögu, líkt og flest tré sem hljóta nafnbótina.

„Öspinni var bjargað á síðustu stundu fyrir um þrjátíu árum og þá frá byggingaframkvæmdum á nágrannalóðinni. Hún var því færð árið 1986 þangað sem hún stendur núna. Þó ekki sé búið að aldursgreina hana þá bendir margt til að hún hafi verið gróðursett í kringum 1960. Hún setur sannarlega mikinn svip á götuna.“

Spurð hvað tré þurfi að hafa til að hljóta útnefningu svarar Ragnhildur að yfirleitt sé leitað eftir fágætri tegund eða tré sem búi yfir ríkulegri sögu. „Útnefningin er til þess fallin að vekja athygli á merkilegum trjám og þeirri staðreynd að þau búa ekki síður yfir sterkri sögulegri tengingu og menningarlegu gildi heldur en hús og byggingar,“ bendir hún á og undirstrikar mál sitt enn frekar þegar hún segir fólk oft ekki átta sig á hverslags gersemi það hafi í garðinum.

Hún segir nafnbótina þó nokkuð eftirsóknarverða, sem endurspeglist í því að ár hvert fær félagið fjöldann allan af ábendingum um tré sem réttast væri að verðlauna. Auk þess komi félagar í Skógræktarfélaginu auga á tré á ferðalögum sínum um landið.

Verður athöfnin hin vandaðasta og fer eðli málsins samkvæmt fram í garði asparinnar við Hákot, nánar til tekið við Garðastræti 11a í Reykjavík. Þar mun Ragnheiður Þorláksdóttir, eigandi trésins, taka við viðurkenningarskjali og sérstökum platta þar sem nafnbótinni verða gerð skil um ókomna tíð. Þá munu Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur, stíga í pontu í tilefni dagsins auk þess sem tónlist verður leikin. gudrun@frettabladid.is



**Tré ársins 2016** er sannarlega glæsilegt og vel að titlinum komið.

**Öspinni var bjargað á síðustu stundu fyrir um þrjátíu árum og þá frá byggingaframkvæmdum á nágrannalóðinni. Hún var því færð árið 1986 þangað sem hún stendur núna.**



Ragnhildur Freysteinsdóttir
umhverfisfræðingur



Elskulegur afi okkar, langafi
og langalangafi,

**Baldvin S. Jónsson**
Sólvangi, Hafnarfirði,

áður til heimilis að Breiðagerði 11, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. ágúst. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 29. ágúst kl. 11.00.

**Helena M.J. Stolzenwald** — **Smári Björgvinsson**
**Baldvin Jónsson** — **Immakulate Phares Mande**
**Berglind S. Jónsdóttir** — **Sævar Sverrisson**
**Líney R. Jónsdóttir** — **Árni E. Eyjólfsson**
**Anna B.J. Stolzenwald** — **Ragnar Þ. Alfreðsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Heiðveig Guðmundsdóttir**
Víðivangi 3,
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi 19. ágúst sl. Útför hennar verður gerð frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 29. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Sævar Örn Jónsson**
**Þráinn Hafsteinsson**
**Bergþór Sævarsson** — **Sæunn Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Jóhann Haukur Jóhannsson**
Kleppsvegi 62, Reykjavík,

lést föstudaginn 19. ágúst á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar. Útför hans fer fram í Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 31. ágúst kl. 13.00.

**Ragnhildur A. Theódórsdóttir**
**Guðmundur G. Hauksson** — **Svanhildur I. Jóhannesdóttir**
**Sigrún Hauksdóttir**
**Guðmann Hauksson** — **Þórhildur Svavarsdóttir**
**Dóra Mjöll Hauksdóttir** — **Páll Mar Magnússon**
**Stefanía Dögg Hauksdóttir** — **Árni Sveinn Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, sonur og afi,

**Axel E. Sigurðsson**

andaðist á Landspítalanum Fossvogi 18. ágúst. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á námssjóð dóttur hans, Lindu Rúnar, reikn. 545-26-629, kt. 201000-2890.

**Laufey M. Jóhannesdóttir**
**Linda Rún Axelsdóttir**
**Hrafnhildur María Axelsdóttir Ledger** — **Vincent Ledger**
**Sigurður Axel Axelsson** — **Bryndís Þóra Gylfadóttir**
**Björn Torfi Axelsson** — **Hafdís Mjöll Lárusdóttir**
**Sigurður Axelsson** — **Hrafnhildur Kristinsdóttir**
**og barnabörn.**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir
og amma,

**Þórunn Pálsdóttir**
kennari,
Goðheimum 20,
Reykjavík,

sem lést miðvikudaginn 10. ágúst síðastliðinn, verður jarðsungin frá Áskirkju þriðjudaginn 30. ágúst næstkomandi kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Magnús Kjartan Hannesson** — **Feng Jiang Hannesdóttir**
**Hannes Hermann Mahong Magnússon**



Faðir okkar og besti vinur,

**Guðmundur Ólafsson**
Heiðargerði 22,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 19. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 13.

**Ragnhildur Guðmundsdóttir** — **Jóhann Ámundason**
**Ólafur Guðmundsson** — **Svanhildur Haraldsdóttir**
**Guðbjörg Guðmundsdóttir** — **Ingibergur G. Þorvaldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

**Áslaug Guðrún Harðardóttir**

verður jarðsungin frá Fossvogkirkju föstudaginn 26. ágúst kl. 15.

**Áslaug Svava Jónsdóttir** — **Haukur Marinósson**
**Hörður Hákon Jónsson**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. ágúst 2016

32. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



## Meiri áhersla á siðferði og ábyrgð

**Deildarforseti Viðskiptafræðideildar HÍ segir áherslur í náminu hafa breyst eftir hrun. Fólk sé gagnrýnna og trúi ekki á viðskiptalífið í blindni eins og áður.** »6



»2
**1,2 milljarða tjón**
Virði húsnæðis Íslandsbanka á Kirkjusandi hefur verið niðurfært um 1.200 milljónir vegna skemmda.

»4
**Viðunandi verð**
Sérfræðingar telja að verðið sem ríkið fékk fyrir hlut sinn í Reitum hafi verið ásættanlegt.

»4
**Aldrei ríkari en nú**
Auðjöfurinn Bill Gates á 90 milljarða dala og hefur aldrei verið ríkari en nú.

»7
**Kaffivenjur breytast**
Nýráðinn forstjóri Kaffitárs segir kaffivenjur Íslendinga sífellt taka breytingum.

»12
**Breyskur Ögmundur**
Stjórnarmaðurinn segir að þeir sem ætli sér að hafa vit fyrir öðrum þurfi að hafa sitt á hreinu.



SKJÓÐAN

# Af hverju brjóta menn fjárfestingarreglu númer eitt?

**FORSVARSMENN** lífeyrissjóðanna hafa ekki nýtt auknar heimildir sem þeir hafa fengið að undanförnu til fjárfestinga erlendis. Þegar á þá er gengið um ástæður þessa er viðkvæðið að menn fjárfesti nú ekki erlendis bara til að fjárfesta erlendis.

**Í SJÁLFU SÉR** er þetta alveg rétt hjá lífeyrissjóðamönnum. Raunin er hins vegar sú, að íslensku lífeyrissjóðirnir hafa undanfarin átta ár sætt mjög ströngum hömlum á fjárfestingar erlendis og á þeim tíma neyðst til að fjárfesta nær alla sína fjármuni hér á landi.

**ÞETTA HEFUR** leitt til þess að lífeyrissjóðirnir eiga orðið drjúgan meirihluta í flestum ef ekki öllum fyrirtækjum, sem skráð eru í Nasdaq kauphöllinni í Reykjavík. Þeir eru ráðandi hluthafar í flestum fasteignafélögum og auk hlutafjáreignar sinnar eru þeir stærstu lánardrottnar flestra þessara sömu félaga.

**ÞANNIG HEFUR** áhætta íslenskra lífeyrissjóða þjappast saman frá hruni og eru nú ¾ hlutar eigna þeirra, og þar með áhættu, bundnir hér á landi í litla krónuhagkerfinu. Aðeins fjórðungur fjárfestinga sjóðanna er erlendis.

**VISSULEGA HEFUR** ávöxtun innlendra eigna verið með miklum ágætum hér í í litla hagkerfinu þar sem krónan í höftum hefur risið og er nú orðin of sterk fyrir undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Hvergi á byggðu bóli fá lífeyrissjóðir svo háa vexti sem á Íslandi fyrir það eitt að láta peninga liggja í áhættulitlum fasteignalánum á 1. veðrétti. Þökk sé verðtryggingu og vaxtaokri.

**GAMALDAGS** fjárfestingarhringekjur hafa skotið upp kollinum á hlutabréfamarkaði. Lífeyrissjóðirnir stofna Framtakssjóð sem kaupir eignir af bönkum, skráir þær á markað og selur þær svo með mikilli ávöxtun til eigenda sinna, lífeyrissjóðanna sjálfra. Svo versla lífeyrissjóðirnir með hlutabréfin í þessum félögum sín á milli. Allt minnir á 2007 nema nú eru það lífeyrissjóðirnir sjálfir sem standa í braskinu.

**STJÓRNENDUR** íslensku lífeyrissjóðanna virðast hins vegar hafa gleymt reglu númer eitt í fjármálafræðunum. Áhættu skal dreifa en ekki þjappa saman ef markmiðið er að hámarka ávöxtun til langs tíma. Ekki gengur að safna saman hverju sinni þeim eignaflokkum, sem mesta ávöxtun gefa, því þegar harðnar á dalnum hrapar ávöxtunin á eignasafninu í heild.

**ÞESS VEGNA** mæla fjármálafræðin fyrir um að langtímaávöxtun sé mest hjá þeim sem fjárfesta í ólíkum eignaflokkum og ólíkum gjaldmiðlum, sem draga úr áhrifum markaðssveiflna á eignasafnið í heild.

**ÞESS VEGNA** eiga lífeyrissjóðirnir að nýta til fulls allar heimildir til fjárfestinga erlendis, m.a. til að draga úr áhættunni sem er samofin íslensku krónunni. Efast einhverjir um að hennar bíði kollsteypa í fyrirsjáanlegri framtíð? Einhverjir aðrir en fjármálaráðherra og aðrir forystumenn ríkisstjórnarflokkanna?

## Vikan sem leið

**3,2%**
**lækkun**

verður á vöruverði IKEA. Í tilkynningu segir að verð hafi ekki hækkað síðan árið 2012 og það hafi raunar lækkað um samtals 22,5% síðustu fjögur árin, að teknu tilliti til verðbólgu. Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, segir að fyrirtækið sé með um 1% allrar kortaveltunnar í landinu og því skipti verðlækkunin máli.

**5,0**
**milljarða króna**

hagnaður varð af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á fyrri hluta ársins. Á sama tímabili 2015 var 2,3 milljarða króna hagnaður. Í afkomutilkynningu segir að viðvarandi sparnaður í rekstri og hagstæð gengisþróun eigi þátt í bættri afkomu. Nettó vaxtaberandi skuldir OR lækkuðu um 9,0 milljarða króna á fyrri hluta ársins.

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Umsjón **Jón Hákon Halldórsson** jonhakon@365.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is





Húsnæði Íslandsbanka á Kirkjusandi er illa farið vegna myglusvepps. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hugsanlegt að húsnæði Íslandsbanka verði rifið

**Íslandsbanki lækkaði virði húsnæðis síns á Kirkjusandi um 1,2 milljarða vegna mygluskemmda. Óvíst hvað verður um húsið en fyrstu starfsmenn flytja þaðan um mánaðamótin október/nóvember. Nýjar höfuðstöðvar verða í Kópavogi.**

Íslandsbanki lækkaði virði á húsnæði sínu, sem hýsir höfuðstöðvarnar að Kirkjusandi, um 1,2 milljarða vegna skemmda á húsinu. Þetta kemur fram í árshlutareikningi bankans. Eins og fram hefur komið er húsnæðið mikið skemmt af völdum myglu. Birna Einarsdóttir bankastjóri segir þó ekki hafa verið gefið upp hvert bókfært virði höfuðstöðvanna er eða hvað það verður eftir niðurfærsluna.

„Við tókum þessa lækkun á það núna af því að við vitum ekkert hvað verður um húsið,“ segir Birna og bætir við að það myndi kosta stórar fjárhæðir að gera við húsið. Þá sé möguleiki að húsið verði einfaldlega rifið. Þótt bankinn eigi lóðina sem húsnæðið stendur á leggur Birna mikla áherslu á það að Reykjavíkurborg fari með skipulagsvaldið og húsið yrði ekki rifið án samráðs við borgaryfirvöld.

Eins og fram hefur komið mun Íslandsbanki opna nýjar höfuðstöðvar í Norðurturninum í Kópavogi. Nú hefur verið ákveðið að fyrstu starfsmenn flytji um mánaðamótin október/nóvember.


Birna Einarsdóttir

Eins og Markaðurinn hefur áður greint frá verða breytingar gerðar á vinnuumhverfi höfuðstöðva Íslandsbanka þegar þær flytjast. Þar verður tekið upp svokallað verkefnamiðað vinnuumhverfi í stað hefðbundins opins vinnuumhverfis. Hver starfsmaður mun ekki eiga fasta vinnuaðstöðu en velur sér þess í stað vinnuaðstöðu sem hentar þeim verkefnum sem unnin eru hverju sinni. Þetta er gert til að nýta betur rými, en einungis 55 prósent starfsmanna eru við sæti sín að meðaltali.

jonhakon@frettabladid.is

### Lykiltölur úr rekstri Íslandsbanka á fyrri árshelmingi

Hagnaður eftir skatta 13 milljarðar (var 10,8 milljarðar 2015)
Arðsemi eigin fjár 9% samanborið við 11,7% 2015
Hagnaður af reglulegri starfsemi 8,0 milljarðar (var 8,2 milljarðar á fyrri helmingi 2015)
Hreinar vaxtatekjur voru 15,9 milljarðar króna (voru 13,6 milljarðar á fyrri helmingi 2015)
Hreinar þóknanatekjur voru 6,7 milljarðar króna (voru 6,4 milljarðar á fyrri helmingi 2015)
Útlán til viðskiptavina jukust um 5,0% , fóru upp í 698,7 milljarða.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 24. ágúst**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vinnumarkaður í júlí 2016

SEÐLABANKI ÍSLANDS
- Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála

NÝHERJI
- Uppgjör annars ársfjórðungs

TM
- Uppgjör annars ársfjórðungs

REGINN
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Fimmtudagur 25. ágúst**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Kjötframleiðsla í júlí 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Fjöldi útgefinna vegabréfa

SÍMINN
- Uppgjör annars ársfjórðungs

VÍS
- Uppgjör annars ársfjórðungs

SJÓVÁ
- Uppgjör annars ársfjórðungs

EIMSKIP
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Föstudagur 26. ágúst**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Vísitala neysluverðs í ágúst 2016

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Gögn tengd áramótastöðu íbúða- og sumarhúsa uppfærð á vefsvæði

**Þriðjudagur 30. ágúst**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Nýskráningar og gjaldþrot hlutafélaga og einkahlutafélaga í júlí 2016

SPÖLUR
- Uppgjör annars ársfjórðungs

EIK
- Uppgjör annars ársfjórðungs

**Miðvikudagur 31. ágúst**
HB GRANDI
- Uppgjör annars ársfjórðungs

HAGSTOFA ÍSLANDS
- Verðmæti sjávarafla, janúar–maí 2016
- Útungun alifugla í júlí 2016
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í júlí 2016
- Vísitala framleiðsluverðs í júlí 2016
- Vöruviðskipti við útlönd, janúar–júlí 2016

**Fimmtudagur 1. september**
ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
- Íslyklar og innskráningarþjónusta Ísland.is

**Föstudagur 2. september**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Þjónustuviðskipti við útlönd, 2. ársfjórðungur 2016
- Brúartafla vöruviðskipta, þjónustuviðskipta og greiðslujafnaðar

**Þriðjudagur 6. september**
HAGSTOFA ÍSLANDS
- Valdir liðir útflutnings vöru og þjónustu
- Vöruviðskipti við útlönd, ágúst 2016, bráðabirgðatölur




## NÝR CITROËN BERLINGO

Með Citroën Berlingo færð þú frábæra vinnuaðstöðu og gott aðgengi fyrir farm og farþega. Í Berlingo eru þrjú sæti í góðri stærð og hægt er að koma tveimur Euro-vörubrettum auðveldlega fyrir í hleðslurýminu. Til að flytja lengri hluti er framsætið og öryggisgrindin (tvískipt) felld niður. Bluetooth símabúnaður og fjöldi geymsluhólfa ásamt vinnuborði á niðurfellanlegu miðjusætinu gera Berlingo að frábærum félagsskap í vinnunni.

**FRÁ 2.790.000 KR. MEÐ VSK**
**FRÁ 2.250.00 KR. ÁN VSK**

Komdu í Brimborg og reynsluaktu nýjum Citroën Berlingo. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

- 850 kg burðargeta
- 3,3 $m^3$ - 4,1 $m^3$ hleðslurými
- Þriggja sæta
- 180° opnun á afturhurðum
- Rennihurð á hlið
- Sparneytin og öflug dísilvél
- Bluetooth símabúnaður
- Spólvörn
- Stöðugleikastýring
- Hiti í bílstjórasæti
- Hraðastillir
- Gúmmímotta í hleðslurými

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

citroen.is
Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



Tómas A. Tómasson, stofnandi Hamborgarabúllunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hagnaður Búllunnar eykst um þriðjung

Hagnaður Hamborgarabúllu Tómasar jókst um 31,6 prósent á síðasta ári. Fyrirtækið hagnaðist um 27,7 milljónir króna árið 2015 miðað við 21 milljónar króna hagnað árið þar á undan.

Rekstrarhagnaður fyrirtækisins jókst um 9,6 milljónir króna og nam 41,6 milljónum.

Í ársreikningnum eru sérleyfissamningar bókfærðir á 85 milljónir króna sem er nýr liður í ársreikningnum. Hamborgarabúllan mun í haust reka níu staði erlendis en opna á Hamborgarabúllu í Róm. Auk þess er stefnt að opnun annars veitingastaðar í Berlín.

Heildareignir félagsins nema 315 milljónum króna og hækka úr 158 milljónum króna árið 2014. Eigið fé nemur 205,2 milljónum króna. Þá nema skuldir félagsins 109,7 milljónum króna og hækka um 44 milljónir króna milli ára. **– ih**

# Jóhann Páll selur Forlagið

Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi Forlagsins, hefur selt 42,5 prósenta hlut sinn í fyrirtækinu. Samkvæmt samkomulagi hluthafa mun Forlagið kaupa hlutinn sjálft en við það verður bókmenntafélagið Mál og menning aðaleigandi félagsins ásamt Agli Erni Jóhannssyni. Nýr útgefandi Forlagsins verður Hólmfríður Úa Matthíasdóttir.

Jóhann Páll mun gegna fullu starfi til áramóta eins og verið hefur. Auk þess mun hann gegna ráðgjafastörfum fyrir Forlagið að minnsta kosti næstu tvö árin.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri og starfsmannahaldi Forlagsins vegna þessa. Egill Örn Jóhannsson mun áfram gegna starfi framkvæmdastjóra eins og verið hefur. **– ih**




Reitir hafa gefið út að fyrirtækið hyggist opna matarmarkað í Holtagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Telja ríkið fengið viðunandi verð við söluna á hlut í Reitum

**Sérfræðingar telja ríkið hafa fengið ásættanlegt verð þegar það seldi eignarhlut í Reitum á 3,9 milljarða króna. Verðið er 5,6 prósentum lægra en gengi hlutabréfa var í maí. Frekari eignasala ríkisins er framundan.**

Sérfræðingar á markaði telja ríkið hafa fengið ásættanlegt verð fyrir hlut sinn í Reitum fasteignafélagi. Ríkið seldi 6,38 prósenta hlut í Reitum á 3,9 milljarða króna á mánudaginn í opnu útboði. Verðið samsvarar 83,3 krónum á hlut. Hlutabréfaverð í fasteignafélaginu fór hæst í 88 krónur á hlut þann 11. maí og er því 5,6 prósentum lægra en þegar verðið var hæst.

„Mér finnst ekki hægt að spá fyrir um áframhaldandi hækkun á hlutabréfaverði með það góðum líkum að það sé hægt að gagnrýna ríkið fyrir að selja þessar eignir,“ segir Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu. Hann bendir á að alls óvíst sé hvort hlutabréfaverð í Reitum nái aftur sama toppi og í maí. Þá hafi verð í Reitum lækkað minna en markaðurinn í heild en úrvalsvísitala Kauphallarinnar hefur fallið um 8,8 prósent frá lokum apríl. Þar vegi þyngst lækkun á gengi Icelandair en hlutabréf í flugfélaginu hafa fallið um 31 prósent frá aprílllokum.

> **Ríkið vill ekki og kannski á ekki að vera í hlutabréfafjárfestingum þannig að það er ákveðin pressa á ríkinu að losa um þessar eignir.**
>
> Jóhann Viðar Ívarsson, sérfræðingur hjá IFS greiningu



Ríkið eignaðist hlut í Reitum og fleiri félögum með stöðugleikaframlögum slitabúa föllnu bankanna í byrjun ársins. „Ríkið vill ekki og kannski á ekki að vera í hlutabréfafjárfestingum þannig að það er ákveðin pressa á ríkinu að losa um þessar eignir og búa til peninga til að greiða niður skuldir,“ segir Jóhann. Þau sjónarmið vegi þyngra en að tímasetja sölu nákvæmlega enda viti enginn hvort það myndi takast.

Kristján Markús Bragason, sérfræðingur hjá Greiningardeild Íslandsbanka, bendir á að Reitir hafi nýlega skilað prýðisgóðu uppgjöri og rekstur félagsins sé í góðu horfi. Það sé vart tilgangur ríkisins að eiga hlutabréfin til lengri tíma. „Það er mjög erfitt að finna einhvern réttan tíma. Þetta er ekki verri tími til að selja félagið en hver annar,“ segir Kristján.

Félagið Lindarhvoll var stofnað í vor til að halda utan um sölu stöðugleikaeignanna. Meðal hluta sem ríkinu féllu í skaut var hlutur í Reitum, Símanum, Eimskipum, Sjóvá, Lyfju, Dohop og Lýsingu. Ríkið er nú stærsti hluthafi Sjóvár með 13,93 prósenta hlut en hlutabréf í fyrirtækinu hafa fallið um 11,2 prósent frá því það var hæst um miðjan apríl. Í Eimskipum hefur hlutabréfaverðið hins vegar hækkað um ríflega 15 prósent. Hlutabréfaverð í Símanum er nú um einu prósenti lægra en það var um miðjan apríl.

Leiða má að því líkur að hlutur í þeim félögum verði einnig seldur á næstunni. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, sagði við Fréttablaðið þann 30. apríl að mikill áhugi væri á mörgum þeirra eigna sem Lindarhvoll héldi á og tiltölulega auðvelt ætti að vera að koma þeim í verð. Í áliti meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á frumvarpi um stofnun félagsins kom fram að fjármálaráðuneytið áætlaði að félagið myndi fullnusta áttatíu prósent af verðmætum eignanna innan átján mánaða.

Fyrr í sumar réð Lindarhvoll Landsbankann til að sjá um sölu á hlutum í skráðu félögunum Reitum, Símanum, Eimskipum og Sjóvá. Virðing var ráðin ráðgjafi við sölu á hlut í Lyfju en ríkið á nú allt hlutafé í Lyfju.




OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

REKSTRAR- OG FJÁRMÁLANÁM

Hefst: 19. september 2016 | Lengd: 54 klst.

Nám fyrir þá sem vilja auka færni í rekstri og fjármálum fyrirtækja og stofnana. Í náminu er farið yfir helstu þætti við stofnun fyrirtækja, markaðsmál, samningatækni og verkefnastjórnun. Unnin eru hagnýt verkefni þar sem lögð er áhersla á þátttöku nemenda.

„Í náminu öðlaðist ég betri skilning á rekstri, fékk góða innsýn í markaðsmál fyrirtækja og hef jafnframt aukið afköst í starfi. Leiðbeinendurnir eru miklir reynsluboltar úr atvinnulífinu sem höfðu unun að því að miðla námsefninu og sinni reynslu.“

Maren Lind Másdóttir
Stjórnandi farangurskerfa hjá Isavia


# Bill Gates sífellt ríkari

Milljarðamæringurinn Bill Gates hefur aldrei verið ríkari. Eignir hans námu 90 milljörðum Bandaríkjadala á föstudaginn, samkvæmt samantekt Bloomberg. Það jafngildir því að hann eigi nærri 11 þúsund milljörðum íslenskra króna. Þá höfðu hlutabréf hans í Kanadíska lestarfélaginu (e. Canadian National Railway Company) og Ecolab hækkað.



Þetta er í fyrsta skipti sem eignir Gates fara upp fyrir 90 milljarða dala markið, þótt hann hafi farið nálægt því fyrr á þessu ári. Tímaritið Fortune segir að Gates sé langríkasti maður í heimi. Hann eigi bæði lausafé og hlutabréf í fjölmörgum fyrirtækjum, auk Microsoft.

Fortune segir líka að eignir Gates hafi vaxið verulega á þessu ári. Í byrjun ársins hafi eignir hans numið 75 milljörðum dala, en þær hafi nú vaxið um 15 milljarða.

Næstríkasti maðurinn, hinn spænski Amancio Ortega, á 76 milljarða dala.

Gates hefur gefið stóran hluta eigna sinna til góðgerðarmála í gegnum Stofnun Bills og Melindu Gates. Hann hefur einnig stutt ýmis önnur góðgerðarverkefni eins og baráttuna gegn malaríu í Afríku.

Þá hafa Bill og Melinda eiginkona hans heitið því að enn fleiri eignir renni til góðgerðarmála að þeim látnum. **– jhh**

# SKRIFSTOFU-SKÓLI NTV OG MÍMIS

**ER LANGT SÍÐAN ÞÚ VARST Í NÁMI
EÐA VILTU STYRKJA ÞIG Í STARFI?**



## HEFST 29. OG 30. ÁGÚST

### KVÖLD OG MORGUNNÁM Í BOÐI

**ALMENNT SKRIFSTOFU- OG TÖLVUNÁM MEÐ ÁHERSLU Á AÐ STYRKJA EINSTAKLINGINN OG GERA HANN HÆFARI TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KREFJANDI STÖRF. NÁMIÐ ER NIÐURGREITT Í SAMVINNU VIÐ MÍMI-SÍMENNTUN, KOSTAR 49.000 KR. OG SNIÐIÐ AÐ FÓLKI SEM HEFUR STUTTA SKÓLAGÖNGU AÐ BAKI.**

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnamiðuð og fer fram í litlum hópum í nánu samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluaðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

**www.ntv.is**

ntv

Nýi tölvu-og
viðskiptaskólinn




Ingi Rúnar Eðvarðsson bendir á að hagvöxtur sé drifinn áfram af byggingaframkvæmdum og ferðaþjónustu. Hann spyr hvað eigi að verða um háskólaborgarana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fleiri í framhaldsnámi en grunnnámi

**Rösklega 400 manns hefja nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands í haust. Fleiri eru í framhaldsnámi en grunnnámi. Forseti viðskiptadeildarinnar segir að áherslan á siðferði í viðskiptum, umhverfisábyrgð og samfélagslega ábyrgð hafi aukist eftir hrun.**

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@365.is



Ingi Rúnar Eðvarðsson tók í sumar við stöðu deildarforseta viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Enginn háskóli hefur á að skipa stærri viðskiptafræðideild en rúmlega 1.400 manns voru við nám í deildinni síðastliðinn vetur. Nú í haust hefja rösklega 400 manns þar nám. Þar af eru 222 nemar í meistaranámi en 210 í grunnnámi. Ingi Rúnar settist niður með blaðamanni Markaðarins og sagði frá starfsemi deildarinnar, möguleikum viðskiptafræðinga á atvinnumarkaði og sýn sinni á íslenskt viðskiptalíf eins og það er í dag.

**Tækifæri eftir meistarapróf**

Ingi Rúnar segir þá sem ljúka meistaraprófi í viðskiptafræði í dag eiga ágæta möguleika á vinnumarkaði. En að B.Sc. próf sé fyrst og fremst góður grunnur. „Það er grunnur sem ekki veitir vinnu eftir námið en það er meira svona undanfari,“ segir Ingi Rúnar. Hann segir að atvinnumöguleikarnir fari bæði eftir stöðunni á vinnumarkaði hverju sinni en líka því á hvaða sviði nemendur hafi menntað sig.

„Við verðum vör við að þeir sem hafa lokið hjá okkur mannauðsstjórnunarnámi og markaðsfræði fá ágætis störf hjá ýmsum fyrirtækjum.“ Ingi Rúnar segir að þeir sem fara í meistaranám í fjármálum sæki helst í fjármálafyrirtækin en þeir sem fara í stjórnun og stefnumótun geti verið með mjög víðan grunn. Þeir geti farið í fyrirtæki um land allt og gerst millistjórnendur, verkefnastjórar, gæðastjórar og síðan tekið að sér að stjórna fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. „Þannig að það fer svolítið mikið eftir því á hvaða sviði þú ert búinn að mennta þig hvaða atvinnutækifæri bíða þín,“ segir Ingi Rúnar.

„Almennt finnst manni eins og vinnumarkaðurinn sé að taka við sér,“ segir Ingi Rúnar. Þetta megi sjá í því að nemendur eigi auðveldara með að finna vinnu en áður og að aðsókn í viðskiptafræðinám og annað háskólanám sé að minnka. Fyrst eftir hrunið, þegar efnahagslífið var í lægð, hafi aftur á móti margir sótt í háskólanám til að bæta stöðu sína.

**222**
**nemendur hefja framhaldsnám núna í haust.**

*Þú ert í rauninni að segja að staða efnahagslífsins hafi áhrif á aðsókn að viðskiptafræðinámi?* „Hún gerir það og hefur gert mjög lengi. Þegar kreppir að þá eru margir sem fara inn í námið og inn í háskólana til að bæta stöðu sína. Þegar hún batnar þá dregur aftur úr aðsókninni. Ég held að það sé þannig með alla viðskiptaháskólana. Ég er ekki búinn að kynna mér tölurnar en mig grunar að það sé niðurstaðan,“ segir Ingi Rúnar.

*Í tengslum við bankahrunið var mikið rætt um siðferði í viðskiptum. Hefur það haft áhrif á námið?* „Já, bæði hafa verið stofnuð ný námskeið, en síðan er þetta líka komið miklu meira inn í allar kennslubækur,“ segir Ingi Rúnar. Í öllum kennslubókum séu nú kaflar um viðskiptasiðferði og um stjórnarhætti. „Það er orðið miklu meira um þetta fjallað og þetta er orðið hluti af náminu. Sem var alls ekki áður,“ segir hann. En bætir við að einnig sé fjallað meira um umhverfisábyrgð og samfélagslega ábyrgð.

Ingi Rúnar segir að eftir bankahrunið sé fólk orðið gagnrýnna á viðskiptalífið og viðteknar venjur og hefðir. Fólk sé ekki eins blint á það sem er að gerast í atvinnulífinu og það var áður. „Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis var kvartað yfir því að fjölmiðlar og háskólar hefðu svolítið sofnað á verðinum og ég held að núna sé meiri gagnrýni.“

*Hvernig horfir þú sjálfur á viðskiptalífið í dag?* „Ég held að það sé mjög margt jákvætt að gerast. Skuldir ríkisins lækka eftir uppgjörið. Það er hagvöxtur, það eru miklar breytingar, atvinnuleysið er að minnka. Og við sjáum að það eru ákveðin þáttaskil sem eru að eiga sér stað,“ segir Ingi Rúnar. Undirstöðuatvinnuvegirnir séu nú þrír; sjávarútvegur, áliðnaður og ferðaþjónusta og síðasta greinin hafi vaxið mjög hratt.

**Þurfum að horfa fram veginn**

Ingi Rúnar telur þó að Íslendingar verði að skoða betur hvert þeir ætli að stefna í atvinnulífinu. „Við erum að mennta mjög mikið af fólki í íslenskum háskólum en er það að nýtast í atvinnulífinu? Það er eitt af því sem ég held að við þyrftum að skoða betur.“ Hann bendir á að núna sé meginvöxturinn í byggingageiranum og ferðaþjónustu. „Hvað eigum við þá að gera við alla þessa háskólaborgara sem virðast ekki nýtast þarna? Þarna virðist mér vera ástæða til að skoða frekar,“ segir Ingi Rúnar. Og bætir við að í framhaldinu þurfi Hagstofan og aðrir aðilar að skoða fólksflutninga úr landi, hverjir það eru sem

# STÓRIR VINIR GERA KRAFTAVERK

Þegar börnin í Hólabrekkuskóla hefja skólagöngu sína í fyrsta bekk eignast þau ekki aðeins vini í bekkjarfélögum sínum. Þau fá einnig sína eigin stóru vini úr sjötta bekk sem fylgja þeim næstu árin eða þar til þau sjálf gerast stórir vinir.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Vinabekkjafyrirkomulagið hefur verið við lýði í Hólabrekkuskóla í fjöldamörg ár og reynst mjög vel,“ segir Anna María Þorkelsdóttir, kennari og náms- og kennsluráðgjafi í Hólabrekkuskóla. Markmiðið með vinabekkjum er að sögn Önnu Maríu að minnka skilin milli yngri og eldri bekkja. „Oft eru yngri krakkarnir hálf feimnir og jafnvel hræddir við unglinga en með því að eiga eldri vinabekk læra þau að unglingarnir eru yndislegir,“ segir hún glaðlega. Hún tekur dæmi um samtal sem hún heyrði á göngum skólans fyrir ekki alls löngu. „Þá heyrði ég lítinn strák segja við vin sinn: „Við þurfum ekki að vera hræddir við unglingana lengur.“

### FINNA FYRIR ÁBYRGÐARKENND

Í stórum dráttum gengur verkefnið þannig fyrir sig að börnin í fyrsta bekk fá úthlutaða vini úr sjötta bekk. Þessi vinapör fylgjast að í gegnum alla skólagönguna þannig að þegar yngri börnin eru komin í fimmta bekk eiga þau stóran vin í tíunda bekk. Þegar þau síðan koma í sjötta bekk verða þau sjálf stórir vinir og eignast lítinn vin í fyrsta bekk.

Anna María segir yfirleitt reynt að halda sömu vinapörum ef allt gengur vel, en þó verði alltaf einhverjar breytingar, enda börn að byrja og hætta í skólanum.

Vinabekkirnir gera ýmislegt saman og fara í heimsókn hvor til annars. „Ef eitthvað er um að vera í skólanum eins og eineltisvika eða ámóta þá vinna þessir bekkir saman að verkefnum. Ef allur skólinn fer eitthvað saman, til dæmis til kirkju eða á aðra viðburði, þá sitja litlir og stórir vinir saman.“

Þó yngri nemendum finnist gaman að eiga eldri vin segir Anna María að eldri nemendur séu ekki síður spenntir fyrir að eignast litla vini. „Þeir líta á þetta sem ábyrgðarhlutverk og standa sig yfirleit rosalega vel. Sumir hreinlega blómstra í því að vera innan um lítil börn,“ segir hún brosandi.

### VINALIÐAR Í FRÍMÍNÚTUM

Anna María segir Hólabrekkuskóla leggja mikla áherslu á góðan skólabrag. Skólinn vinni gegn einelti með kröftugu Olweusarteymi en fleiri þættir stuðli að góðum skólaanda, þar á meðal vinabekkjakerfið.

Annað verkefni sem hefur stuðlað að minnkandi einelti í skólanum er vinaliðaverkefnið. „Þetta er þriðja árið sem við starfrækjum það,“ segir Anna María en verkefnið gengur út á að virkja börnin í frímínútum. Svokallaðir vinaliðar, sem eru hópur nemenda skólans, sjá um að stýra leikjum á skólalóðinni fjórum sinnum í viku. Börnin geta valið á milli fjölbreyttra leikja, allt frá fótbolta og snú snú upp í kubb og teygjó. „Markmiðið er að börnin leiki sér og enginn sé útundan,“ segir Anna María en töluverður árangur hefur náðst með verkefninu. „Þetta hefur hjálpað okkur með eineltistilburði í frímínútum en miklu minna er um það nú en áður. Þá eru börnin mun betur stemmd þegar þau koma inn úr frímínútum.“



Anna María Þorkelsdóttir segir vinabekkjafyrirkomulagið koma vel út.



Wiktoria Wszeborowska og Oliwia Czerwonka hafa verið vinir frá því Wiktoria byrjaði í fyrsta bekk. Þær eru núna í fjórða og níunda bekk. MYND/HANNA

**Láttu gott af þér leiða** þegar þú verslar **skólavörur**
**Vörur frá Múlalundi** skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku






**Skólavörur**
**Fjölbreytt úrval í fallegri verslun í Mosfellsbæ og vefverslun Múlalundar**

**Takk fyrir að versla við Múlalund**
Múlalundur Vinnustofa SÍBS
Reykjalundur 270 Mosfellsbær
mulalundur@mulalundur.is
Sími 562 8500
www.mulalundur.is
MÚLALUNDUR
Vinnustofa SÍBS

# VILL TAKA VINNUNA MEÐ SÉR HEIM

Bryngeir Valdimarsson er á fimmta ári í kennaranámi við HÍ. Hann segir starfið einstaklega gefandi þó það sé krefjandi á köflum. Sem forfallakennari komist hann upp með ýmis trix en hann taki vinnuna með sér heim öll kvöld.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Allra fyrsta kennslustundin mín var mjög skemmtileg. Maður þarf auðvitað að vera sveigjanlegur og uppátækjasamur, geta brugðist strax við alls konar aðstæðum sem upp koma. Það þýðir ekkert annað en að hafa gaman af því óvænta í þessu starfi,“ segir Bryngeir Valdimarsson, spurður út í kennarastarfið en hann er á síðasta árinu í kennaranámi við HÍ. Meðfram náminu kennir hann í Valhúsaskóla en hefur unnið sem forfallakennari í grunnskólum síðustu fjögur árin.

„Ég hef kennt öllum aldri og öll fög nema sund. Það er mikill munur á að kenna fyrsta eða sjötta bekk,“ segir Bryngeir og viðurkennir að það sé áskorun að halda stórum hóp af sex ára krökkum við efnið. Sérstaklega fyrir afleysingakennara.

### FORFALLAKENNARI KEMST UPP MEÐ ÝMIS TRIX

„Krakkarnir reyna á nýja kennarann, að sjálfsögðu. Í forfallakennslu er meira að segja gert ráð fyrir því að erfitt sé að halda fullri áætlun,“ segir hann spskur. „Í forföllum beitir maður líka frekar skyndilausnum sem maður myndi ekki nota í almennri kennslu. Semur við krakkana um að sleppa þeim fyrr út úr tíma ef þau vinni vel og fleira í þeim dúr. Maður reddar sér, frekar en að fá kannski ekkert út úr kennslustundinni. Oft verður reyndar þá svo gaman að nemendurnir gleyma samningnum og vinna af kappi þar til bjallan hringir út. Aðalmálið er að ná til nemendanna strax í byrjun, þá vinna báðir aðilar vel og miklu meira kemst í verk.“

### ÆÐISLEGT AÐ SJÁ ÞAU LÆRA EITTHVAÐ NÝTT

Hvað gefur þér mest í starfi? „Að sjá hvaða áhrif ég get haft á ungmennin, að fylgjast með þeim læra eitthvað nýtt og sjá þegar þau skilja hlutina, það er æðislegt. Það er ástæða þess að ég fór í þetta nám, að geta mótað æskuna, haft áhrif og hjálpað krökkum að komast út í samfélagið sem best undirbúin,“ segir Bryngeir. „Kennari í dag þarf að vera allt í senn sálfræðingur, hjúkrunarfræðingur, fjölskylduráðgjafi og menntari.“



Bryngeir Valdimarsson segir ótrúlega gefandi að kenna grunnskólabörnum. „Að fylgjast með þeim læra eitthvað nýtt og sjá þegar þau skilja hlutina, það er æðislegt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta er þá ekki „þægileg innivinna“?

„Ja, sumarfríin eru góð,“ segir Bryngeir hlæjandi. „En nei, þetta starf er ekki þannig að maður stimpli sig út klukkan fjögur. Þetta er vinna sem maður tekur með sér heim og ég vil taka hana með mér heim. Maður er stöðugt í einhverjum pælingum um það hvernig maður getur kynnt eitthvað fyrir krökkunum. Jafnvel getur atriði í bíómynd sem ég er að horfa á í sófanum heima kveikt hugmynd að einhverju sem ég get nýtt í kennslunni. Mitt aðalfag er samfélagsfræði og ég kenni upplýsingatækni með í þeim skólum þar sem hún er sér námsgrein. Í Valhúsaskóla er það svo. Ég er mikið fyrir leiki í kennslu. Ef maður hefur gaman af hlutunum man maður þá frekar,“ segir Bryngeir og vill alls ekki meina að íslenskir krakkar séu agalausir og óþægir upp til hópa.

„Það má auðvitað vel vera að nútímakrakkar séu eirðarlausir en veruleiki krakka í dag er allt annar en til dæmis þegar ég var í skóla. Skólaumhverfið þarf að breytast með breyttum tímum og það gerist smám saman.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367*
Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

# VIRKJA INNRI ORKU MEÐ TAI CHI

**Kynningarnámskeið** í tai chi, fornri kínverskri sjálfsvarnarlist, verður haldið í Heilsudrekanum í Skeifunni 3j dagana 26. ágúst til 3. september. Leiðbeinendur verða Hou Wen og Yu Jun Ling en þau eru bæði sérfræðingar í faginu. Skráningu á námskeiðið fylgir frítt mánaðarkort.

„Heilsudrekinn og Íþróttafélagið Drekinn Wushu standa að þessu námskeiði í samvinnu við kínverska íþróttasambandið. Tveir sérfræðingar koma hingað frá virtum háskóla í Kína til að kenna,“ útskýrir Qing, eigandi Heilsudrekans. Hún segir tai chi alhliða leikfimi sem henti fólki á öllum aldri.

### FYRIRLESTRAR Í HÍ

„Tai chi er fyrir alla, bæði keppnisfólk og þá sem vilja einfaldlega hugsa um heilsuna. Þarna gefst fólki tækifæri til þess að læra tæknina og að kynna sér heimspekina sem liggur að baki tai chi, en námskeiðið verður einnig byggt upp á fyrirlestrum sem haldnir verða í Háskóla Íslands,“ segir Qing.



Á námskeiðinu gefst tækifæri til þess að læra tæknina og að kynna sér heimspekina sem liggur að baki tai chi. Námskeiðið verður einnig byggt upp á fyrirlestrum sem haldnir verða í Háskóla Íslands.

### GERIR ÖLLUM GOTT

„Tai chi leikfimin byggist á mjúkum og hægum hreyfingum þótt bakgrunnur leikfiminnar sé bardagaíþrótt. Þessar hægu hreyfingar hafa áhrif á orkurásir líkamans og gagnast fólki því vel gegn streitu og kvíða og til þess að ná bæði líkamlegu og andlegu jafnvægi. Tai chi hentar fólki sérstaklega vel sem glímir við hjartavandamál, of háan blóðþrýsting og sykursýki. Þá hjálpar tai chi einnig þeim sem glíma við svefnleysi eða einbeitingarskort. Til dæmis hafa krakkar verið að æfa tai chi hjá okkur og gengið betur að einbeita sér í skólanum,“ útskýrir Qing en leggur áherslu á að tai chi geri öllum þeim sem stunda hana gott. „Fullfrískt fólk hefur gott af því að stunda tai chi. Leikfimin gengur út á jafnvægi en ekki bara út á að hreyfa hendur og fætur. Með tai chi virkjum við innri orku til hreyfingar,“ útskýrir Qing.



Tai chi leikfimin byggist á mjúkum og hægum hreyfingum þótt bakgrunnur leikfiminnar sé bardagaíþrótt.

### FRÍTT MÁNAÐARKORT

„Þeir sem skrá sig á námskeiðið fá frítt mánaðarkort til viðbótar til að æfa í Heilsudrekanum og virkja betur þá tækni sem fólk lærði á námskeiðinu.“

Skráning fer fram í síma 553 8282. Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á Facebook-síðu Heilsudrekans.

**SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA**

Arctic Star




**Arctic star sæbjúgnahylki**
**innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:**

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is**

**Arctic Star sæbjúgnahylki**
**Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.**

**info@arcticstar.is - www.arcticstar.is**
**Síðumúli 31 - 108 Reykjavik - S: 562-9018 / 898-5618**





„Það jók sjálfstraust mitt að takast á við aðstæður sem gjarnan vekja kvíða og ótta. Ég fékk þjálfun í að nýta hæfileikana sem í mér búa. Með því að leysa krefjandi verkefni lærði ég jákvæðari leiðir í samskiptum við aðra. Námskeiðið gaf mér þor til að standa með mínum eigin skoðunum. Ég fékk nýja sýn á sjálfa mig. Í staðinn fyrir hindranir sé ég núna fleiri tækifæri í lífinu.“

// Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir, markaðsráðgjafi

# SKRÁÐU ÞIG TIL LEIKS

## *Dale Carnegie námskeið*

*Námskeiðin okkar eru rétta verkfærið til að breyta því sem þarf til að ná betri árangri í starfi og einkalífi. Þú lærir að virkja styrkleikana til að hafa aukin áhrif, bætir samskipti og treystir sambönd með jákvæðu viðhorfi og skarpari tjáningu.*

### *// Ókeypis kynningartímar*

Kynningartímar í Reykjavík, Ármúla 11, 3. hæð:

| | | |
|---|---|---|
| Fullorðnir | 1. september | kl. 20:00 til 21:00 |
| Fullorðnir | 7. september | kl. 20:00 til 21:00 |
| Ungt fólk, 10 til 15 ára | 31. ágúst | kl. 19:00-20:00 |
| Ungt fólk, 16 til 25 ára | 31. ágúst | kl. 20:00-21:00 |

Upplýsingar um fleiri kynningartíma og skráning á **www.dale.is**

### *// Næstu námskeið*

Dale Carnegie kvöldnámskeið ................12. september
Dale Carnegie á þremur dögum ............ 16. september
Áhrifaríkar kynningar ..............................21. september
Dale Carnegie kvöldnámskeið ..............27. september
Sölunámskeið ................................................ 4. október
Dale Carnegie morgunnámskeið.................. 5. október
Stjórnendaþjálfun .......................................... 6. október
Leiðtogaþjálfun fyrir stjórnendur ............... 6. október
Dale Carnegie á laugardögum ...................... 8. október
Framúrskarandi öryggishegðun..................10. október
Árangursrík framsögn .............................22. nóvember

### *// Námskeið Akureyri*

Dale Carnegie námskeið ............................... 4. október

Nánari upplýsingar á **www.dale.is**

Skráning á **dale.is** Nánari upplýsingar í síma **555 7080**

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

*Ármúla 11, 108 Reykjavík ı Sími 555 7080 ı www.dale.is*

HAUST
NÁM
SKEIÐ
2016

MYNDLISTASKÓLINN

SKRÁ
NING
HAFIN

Nánar á www.mir.is og í síma 551 1990 milli kl. 13:00 og 17:00.

Í REYKJAVÍK





Sumir merkja hvern einasta lit, aðrir sætta sig við óhjákvæmileg afföll.

# ÞAÐ MARGBORGAR SIG AÐ MERKJA

Eitt af því hagkvæmasta sem foreldrar skólabarna geta tileinkað sér er að merkja eignir barna sinna, allt frá kuldagalla niður í hárteygjur.

Að mörgu er að huga þegar skólarnir byrja og foreldrar þurfa að hafa sig alla við til að muna að fjárfesta í ótal munum og fötum sem eitt barn þarf á einum vetri. Íþróttaskór, strokleður, nestisbox, stílabækur, yddarar, sundpokar, vettlingar, vettlingar, vettlingar… listinn nær út að ystu sjónarrönd og töluverð fjárútlát geta fylgt þessum aðföngum.

Þegar búið er að safna saman öllu því sem eitt barn þarf að hafa með í skólann er komið að því allra mikilvægasta í ferlinu, að merkja! Góðar merkingar geta bæði sparað tíma, fyrirhöfn og fé því þó eitt strokleður kosti ekki mikið þá safnast þegar saman kemur.

Það er mikilvægt að merkja sem allra mest af því sem barnið fer með í skólann, allt frá kuldagöllum niður í hárteygjur. Það er ótrúlegt hvað getur týnst á heilum skóladegi og ekki minna magnað hvað margir krakkar eiga alveg eins vettlinga, stígvél, bækur, töskur, stílabækur, strokleður og nestisbox og barnið þitt.

Merkingar geta verið margs konar. Það er hægt að skrifa, stimpla, hefta, sauma og þrykkja, nota límmiða, merkifána, breitt túss, mjótt túss, þó umfram allt alltaf vatnshelt og langvirkandi túss.

Auðvitað er best að merkja með fullu nafni, heimilisfangi, bekk og símanúmerum allra foreldra en verum raunsæ, sumt er einfaldlega of lítið til að það sé pláss fyrir allar þessar upplýsingar nema ef ætlunin er að lesa með smásjá. Minni hluti er nóg að merkja með nafni og bekk eða bara símanúmeri. Til aðgreiningar getur líka verið þægilegt að velja einfaldan stimpil og merkja með honum alla hluti barnsins, taka síðan mynd af stimplinum og þegar eitthvað týnist er hægt að setja myndina inn í Facebook-hóp bekkjar eða skóla með lýsingu á því sem týnt er og þeim orðum að þessi stimpill sé á gripnum eða flíkinni.



Þessar skólatöskur eru ólíkar en sumar skólatöskur eru svo líkar að þær eru eins. Þá er gott að hengja eitthvað utan á töskuna, til dæmis lítinn bangsa eða flott endurskinsmerki til aðgreiningar.





Blýanta er hægt að merkja með fornafni á mjóum límmiða.







Snúið getur verið að merkja svona yddara en lítill límmiði með stimpli ætti að virka.

Húfur og fleiri flíkur er best að merkja með því að skrifa nafn og símanúmer á þvottamiðann.

Úlpur geta verið dýrar og því mikilvægt að merkja þær vel.

Þeim sem eiga „týnið“ barn (barn sem hefur náttúrulega ofurhæfni til að týna hlutum) er einnig bent á að kynnast skólaliðum og öðru lykilstarfsfólki skólans og jafnvel kynna það fyrir stimplinum. Það er miklu þægilegra að vera á kumpánlegum nótum við fólk þegar þú þarft að eiga við það samskipti á hverjum degi við að grafa gegn um fjöll af dökkleitum barnafötum.

Og eitt mikilvægt í lokin: merkja báða vettlingana, sokkana, skóna og bæði stígvélin – annað er ekki nóg!

# NÁM SEM VEITIR ÓMÆLDA GLEÐI

**Söngskólinn í Reykjavík kynnir** Söngskólinn í Reykjavík var stofnaður árið 1973 og býður upp á fjölbreytt söngnám fyrir fólk á öllum aldri. Auk þess er boðið upp á ýmiss konar námskeið fyrir hópa og einstaklinga. Inntökupróf standa nú yfir.

Söngskólinn í Reykjavík býður upp fjölbreytt söngnám fyrir fólk á öllum aldri, allt frá 11 ára byrjendum til nemenda sem stefna að útskrift sem einsöngvarar eða söngkennarar.

Garðar Cortes stofnaði skólann árið 1973 en hann nam á sínum tíma við tónlistarháskóla í Bretlandi. Frá upphafi hefur því Söngskólinn verið í samstarfi við The Associated Board of the Royal Schools of Music í Bretlandi að sögn Ásrúnar Davíðsdóttur, aðstoðarskólastjóra Söngskólans. „Þaðan koma því prófdómarar tvisvar á ári og meta frammistöðu nemenda okkar. Söngskólinn er miðsvæðis í borginni, í eigin húsnæði að Snorrabraut 54, og þar iðar allt af lífi og söng frá morgni til miðnættis því skólinn rekur einnig eigin tónleikasal sem nefnist Snorrabúð."

Almennt nám við skólann skiptist í grunnnám, miðnám og framhaldsnám og síðan er boðið upp á háskólanám, sem skiptist í einsöngvara- og söngkennaranám en langflestir söngkennarar á Íslandi hafa hlotið menntun sína í Söngskólanum í Reykjavík. „Námið er deildaskipt og í unglingadeild, sem ætluð er 11-15 ára nemendum, kynnast nemendur undirstöðu í réttri raddbeitingu. Þar kynnast þeir líka alls konar tónlist en þó einkum léttri tónlist, t.d. söngleikjatónlist, sem er vinsæl hjá þessum aldurshópi, ekki síst þar sem einnig er lagt upp úr leikrænni þjálfun, dansi og hreyfingum með tónlistinni."

### UNGVIÐIÐ BLÓMSTRAR

Auk þess býður söngskólinn upp á ýmis námskeið, t.d. helgarnámskeið fyrir kóra, söngnámskeið utan venjulegs vinnutíma og ýmis meistaranámskeið. „Þar má helst nefna meistaranámskeið sem Kiri te Kanawa, ein þekktasta söngkona samtímans, hefur oft haldið hér. Um miðjan september munu Regine Köbler, söngkennari við Tónlistarháskólann í Vínarborg, og Marcin Koziel, píanóleikari við sama skóla og við Kammeroper Wien og Theater an der Wien, halda meistaranámskeið í Söngskólanum."

Ásrún segir afar mikilvægt fyrir alla sem vilja syngja að læra frá grunni að beita röddinni rétt. „Misbeiting getur valdið varanlegum raddskemmdum. Það er svo mikilvægt að gera sér grein fyrir að það skiptir ekki máli hvaða tegund tónlistar maður vill helst syngja, t.d. dægurlög, söngleikjalög, óperettu- eða óperusöng. Þeir sem velja sér söng sem atvinnu þurfa að vera tilbúnir að söðla um og taka þátt í ýmsum sönguppákomum ef þeir ætla að gera sönginn að ævistarfi. Þetta hef ég oft fengið staðfest frá söngvurum sem numið hafa við skólann og byggt á þeirri tækni. Þeir eru ávallt svo þakklátir fyrir að hafa grunnþekkingu og tækni til að byggja á, út á hvaða braut sem þeir fara í söngnum."



Tvær rísandi stjörnur úr Söngskólanum: Jóna G. Kolbrúnardóttir (t.v.) og Kristín Sveinsdóttir. Jóna var með tónleikaröð heima í sumar og Kristín mun stíga á svið í haust í Scala-óperuhúsinu í Mílanó, fyrst íslenskra kvenna.

Hún segir námið veita nemendum ómælda gleði og byggja upp sjálfstraust þeirra. „Ungviðið okkar bókstaflega blómstrar hér og það kemur greinilega fram á tónleikum og í söngleikjauppfærslum sem deildin heldur minnst tvisvar á vetri. Það ánægjulega hefur nú gerst, að töluvert hefur fjölgað í hópi drengja sem sækja um nám við skólann og verður verkefnaval sniðið að því."

### INNTÖKUPRÓF STANDA YFIR

Margir af fyrrverandi nemendum Söngskólans eru orðnir stór nöfn í söngvaraheiminum og er Kristinn Sigmundsson sennilega þekktastur þeirra allra að sögn Ásrúnar. „Í haust bætist nýtt nafn í þessa söngvaraflóru þegar nemandi frá Söngskólanum stígur á svið í Scala-óperunni í Mílanó. Það er Kristín Sveinsdóttir sem mun syngja þar fyrst íslenskra söngkvenna. Einnig hafa margir af okkar þekktustu söngvurum, á léttara sviðinu, hafið söngnám hér í Söngskólanum og má þar nefna Emiliönu Torrini, Eivöru Pálsdóttur, Sigríði Thorlacius, Svavar Knút og Kristjönu Stefánsdóttur."

> „Það er svo mikilvægt að gera sér grein fyrir að það skiptir ekki máli hvaða tegund tónlistar maður vill helst syngja, t.d. dægurlög, söngleikjalög, óperettu- eða óperusöng.
>
> Ásrún Davíðsdóttir

Nú næstu daga fara fram inntökupróf við Söngskólann sem allir umsækjendur þreyta. „Þar er hlustað eftir því hvort röddin er óskemmd og með góða þroskamöguleika, gott tóneyra þarf að vera til staðar og önnur undirbúningsmenntun hjálpar auðvitað til, þótt hún sé ekki skilyrði fyrir inntöku í Söngskólann í Reykjavík."

**Nánari upplýsingar má finna á www.songskolinn.is.**



# ÓTRÚLEG LITADÝRÐ OG NÁTTÚRA

Stórkostlegt landslag, fjölbreytt jarðfræði og ótrúleg litadýrð eru meðal einkenna **Kerlingarfjalla.** Straumurinn þangað vex með hverju árinu og njóta þau sívaxandi vinsælda hjá bæði innlendum og erlendum ferðamönnum.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is

Kerlingarfjöll njóta sívaxandi vinsælda meðal innlendra og erlendra ferðalanga, enda eru þau ein af helstu náttúruperlum Íslands. Þar sameinast stórkostlegt landslag, fjölbreytt og fróðleg jarðfræði og ekki síst ótrúleg litadýrð þar sem fyrir koma jarðhitasvæði, jöklar og fallegur gróður.

Margir heimsækja fjöllin í dagsferð en aðrir gista og taka lengri tíma í að fara um nokkrar af þeim fjölmörgu gönguleiðum sem þar eru í boði, að sögn Páls Gíslasonar, framkvæmdastjóra Fannborgar ehf., sem á og rekur Hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum.

Á fjórða áratug síðustu aldar byggði Ferðafélag Íslands skála í Kerlingarfjöllum og markar sú framkvæmd eiginlegt upphaf ferðamennsku á svæðinu. „Auðvitað lá leið margra hingað áður. Hér má til dæmis finna örnefnin Snorrahver og Ögmundur til heiðurs fylgdarmönnum Þorvaldar Thoroddsen sem kom hingað á seinni hluta 19. aldar.“

### VINSÆLAR GÖNGUR

Árið 1961 hófust skipulagðar skíðaferðir í Kerlingarfjöll. Þær voru undanfari stofnunar Fannborgar, félags sem stofnað var til að reka skíðaskóla á svæðinu til ársins 2000. „Eftir 2000 og fram á þennan dag hefur eingöngu verið rekin hér gisti- og veitingaþjónusta. Árið 2008 komu 500.000 ferðamenn til landsins og um 8.000 þeirra heimsóttu Kerlingarfjöll eða um 1,6 prósent allra þessara gesta landsmanna. Með sívaxandi straumi erlendra ferðamanna hefur þetta hlutfall haldist þannig að sífellt fleiri heimsækja okkur ár hvert. Íslenskum ferðamönnum fjölgar líka en flestir þeirra sækja í gönguferðir hér um svæðið.“

Styttri og lengri gönguferðir eru vinsælar í Kerlingarfjöllum og nágrenni þeirra, bætir Páll við. „Það má segja að þrenns konar flokkar gönguleiða séu í boði. Í fyrsta lagi er hægt að ganga á fjöll hér í nágrenninu, til dæmis Snækoll. Þaðan er eitt besta útsýni sem um getur á landinu. Í öðru lagi má ganga um hverasvæðin í Hveradölum, þar sem litadýrð er mikil og umhverfi magnað. Loks má nefna þann möguleika að ganga meðfram giljum Jökulfallsins, sem er einnig mjög áhugavert og fallegt landsvæði. Úrval gönguleiða hér og í grenndinni er því mjög fjölbreytt, sérstaklega þegar haft er í huga að úr Kerlingarfjöllum er innan við klukkustundar akstur í Hvítárnes, að Þverbrekknamúla og á Hveravelli. Svo má líka nefna Þjórsárver en þangað er heldur lengra að fara.“

### GÓÐ AÐSTAÐA

Ýmis ferðafélög og gönguklúbbar skipuleggja reglulega ferðir í Kerlingarfjöll auk þess sem fært er þangað yfir sumartímann á öllum gerðum bifreiða. Þar má finna tjaldstæði og boðið er upp á svefnpokapláss og gistingu í uppbúnum rúmum. Eldunaraðstaða er á staðnum fyrir gesti og einnig veitingastaður.

**Nánari upplýsingar má m.a. finna á www.kerlingarfjoll.is.**



**Fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir eru í Kerlingarfjöllum og nágrenni.** MYND/PÁLL GÍSLASON



**Páll Gíslason rekur Hálendismiðstöðina í Kerlingarfjöllum.**



**Fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir eru í Kerlingarfjöllum og nágrenni.** MYND/PÁLL GÍSLASON



# TILBOÐI LÝKUR Í ÁGÚST

## ALLT INNIFALIÐ
### MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM

116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR

2042
149.000 KR.
ÁÐUR: 276.600 KR.

2046
270.000 KR.
ÁÐUR: 408.900 KR.

2020
268.620 KR.
ÁÐUR: 406.900 KR.

116-5
188.100 KR.
ÁÐUR: 306.700 KR.
EINN FUGL FYLGIR

113
297.420 KR.
ÁÐUR: 442.900 KR.

2021
304.000 KR.
ÁÐUR: 451.900 KR.

539.900 KR.
ÁÐUR: 746.000 KR.

104
329.000 KR.
ÁÐUR: 482.900 KR.

118
313.000 KR.
ÁÐUR: 462.900 KR.

385.000 KR.
ÁÐUR: 552.900 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

**Graníthöllin**
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



RENAULT Clio dynamic sport diesel. Árgerð 2016, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.288314.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2013, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.980.000. Rnr.288164.



TOYOTA Rav4 gx plus diesel. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.690.000. Rnr.151625.



TOYOTA Land cruiser 150 vx diesel. Árgerð 2013, ekinn 39 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 9.290.000. Rnr.151616.

**Vegna mikillar sölu vantar allar tegundir bíla á skrá.**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólin vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

PLANIÐ bílasala 5170000



SUZUKI Jimny jlx. Árgerð 2013, ekinn 23 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.790.000.Rnr.107511.Á staðnum



SUZUKI Swift. Árgerð 2015, ekinn 5 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.107381. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Fíat MacIuis P700 árg 2008 ek 48 þ km 3 l vél. Tvíbreitt rúm með aðgengi á þrjá vegu. Einn með ÖLLU. verð 8.5 m, aðeins bein sala. Frábær bíll raðn 122516



Fíat ducato P200 árg '07 ek 53 þ km, tímakeðja, markísa, sólarsella, myrkvagardínur. Nýja útlitið, toppbíll verð 5.9 m TILBOÐ nú 5.3 m raðn 122524



Ford transit húsbíll árg 2009, 6 manna, markísa, loftpúðafjöðrun, bakkmyndavél, ek 96 þ km upptekin vél. Verð 4690 þ raðn 122522.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

100bílar.is bílasala



Kia Sportage Luxury, 5/205, ek 66 þús km, dísel, 4wd, sjsk, tilboðsverð 4.590 þús, er á staðnum, raðnr 152206.



**100 BÍLAR ERU FLUTTIR Í STEKKJARBAKKA 4 VIÐ HLIÐINA Á GARÐHEIMUM.**
Vantar bíla á skrá og á staðinn. 100 bílar Stekkjarbakka 4, 109 Reykjavík

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

Bílalíf



**PÉTTUR OG GÓÐUR!!!**
FORD Explorer Sport Trac 4wd. Árgerð 2005, ekinn 188þ.km., bensín, sjálfskiptur, Krókur, Cruise, Pallhús, Leður o.fl. Nýleg dekk. Gott eintak! Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Verð 1.290.000. Rnr.128097.



**7 MANNA - SJÁLFSKIPTUR**
MAZDA 5 sjálfskiptur. Árgerð 2008, ekinn 138þ.km., bensín, sjálfskiptur. Gott eintak, Góð þjónusta! Verð 1.980.000. Til sýnis og sölu á Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717, Rnr.127993.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið 10-18 virka daga**
**www.bilalif.is**

### Bílar til sölu



NÝR LandCruiser GX 150, ek. 4 þús km., 33" breyting, vel búinn bíll., uppl. í s. 773-3313



Ford Fiesta Trend 2007 Sérlega fallegur bíll ekinn aðeins 32.000km. Einn eigandi. Svart sanseraður, beinskiptur, 5-dyra. Heilsársdekk, skoðaður 2016. Engin skipti. Verð 1.090.000. Uppl. í s. 6637575

### 0-250 þús.



OPEL - VECTRA-B árg '98. Nýskoðaður 2017. Ekinn aðeins 135.000 km. Mjög góður bíll í toppstandi. Mjög góð nagladekk á felgum fylgja Verð aðeins 230.000-kr. Uppl. í síma 779-2416

### 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR SPARIBAUKUR**
Honda civic árg 98 ek.147 þús, sjálfskiptur, sk.17, nýleg tímareim,nýtt púst, góður bíl sem lýtur vel út og eyðir litlu, verð 380 þús möguleiki á 100% láni S.841 8955

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Kerrur



United bílavagn. Eins og nýr Lengd 8 m breid 2.50 Verð 3,600.000 Sími 893-6321

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Lyftarar




## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com




## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**HRINGSTIGI ÓSKAST**
Lengd: 3.15m eða lengri

Æskileg breidd 80-90cm.

Upplýsingar í síma 896-4494

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## atvinna

**HEFURÐU ÁHUGA Á AÐ VINNA Í LEIKHÚSI?**

Ljósadeild Borgarleikhússins leitar að starfskrafti í deildina við almenna leikhúslýsingu.

Áhugi á leikhúsi og viðburðum nauðsynlegur.
Rafvirkja/rafeindavirkjamenntun æskileg, ekki nauðsynleg.

Áhugasamir sendi tölvupóst á borgarleikhus@borgarleikhus.is, merkt - Starf í ljósadeild.



## Framhaldsnám í boði í viðskiptafræðideild

- MS Fjármál fyrirtækja
- MS Fjármál MFin
- MS Mannauðsstjórnun
- MS Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- MS Nýsköpun og viðskiptaþróun
- MS Stjórnun og stefnumótun
- MS Verkefnastjórnun
- MS Viðskiptafræði
- MA Reikningsskil og endurskoðun
- Skattaréttur og reikningsskil
- MBA nám í viðskiptafræði

yfirgefa land. „Er þetta bara unga fólkið sem fer til þess að sækja sér menntun, eða eru fleiri að fara sem við viljum ekki missa úr landi?“ Ingi Rúnar segir þó jákvæð teikn á lofti þar sem leikjaiðnaðurinn og tölvubransinn í heild vaxi mikið. Íslenskir háskólar hafi verið að mennta mikið af tölvunarfræðingum. „Og svo er vissulega eitthvað að gerast í nýsköpun. En maður veltir fyrir sér á hverju við ætlum að byggja varðandi framtíðar atvinnuuppbyggingu á Íslandi. Ætlum við að byggja á ódýrri orku og hráefni og lítt menntuðu vinnuafli? Eða ætlum við að fara þá leið að reyna að nýta það menntaða vinnuafl sem við erum með og reyna að auka afkastagetu og framleiðni í fyrirtækjum. Þarna finnst mér við standa á tímamótum og þurfum að huga að því á næstu árum að vera með nýja atvinnustefnu og ný sóknarfæri þar sem við nýtum hið háskólamenntaða fólk í ríkari mæli en við höfum gert á síðustu árum.“

> **Enn er það þannig að það munar miklu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hvað það er miklu hærra hlutfall á höfuðborgarsvæðinu sem er með háskólamenntun.**
>
> Ingi Rúnar Eðvarðsson

### Æskilegt að sameina og vinna meira saman

Ingi Rúnar telur að það hafi verið til góðs þegar Háskólinn í Reykjavík hóf starfsemi. Þá hafi orðið til samkeppni og fólk hafi getað valið milli tveggja menntastofnana. Í dag eru fjórir skólar sem bjóða upp á viðskiptafræðinám. Það er Háskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst og Háskólinn á Akureyri. „Ég var að kenna lengi við Háskólann á Akureyri og ég held að það megi fækka þessum stofnunum. Reyna að sameina meira og hafa aukna samvinnu með það að markmiði að nýta féð betur til rannsókna og hins vegar að bjóða upp á góða þjónustu fyrir nemendur,“ segir Ingi Rúnar. Markmiðið yrði ekki að spara heldur að efla stofnanirnar sem kennslu- og rannsóknarstofnanir.

Hann leggur þó áherslu á að við sameiningu og samstarf yrði staðinn vörður um jafnt aðgengi að námi. „Enn er það þannig að það munar miklu á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni hvað það er miklu hærra hlutfall á höfuðborgarsvæðinu sem er með háskólamenntun. Þannig að aðgengi að menntun skiptir gríðarlega miklu máli.“

Ingi Rúnar segir það þó ekki vera stefnu viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands að auka aðgengi fólks í dreifðari byggðum að námi. „Meðal annars út af því að Háskólinn á Akureyri er að gera það sem ríkisháskóli. Og við höfum ekki viljað fara út á þann markað,“ segir Ingi Rúnar og bendir á að Háskólinn á Bifröst bjóði líka upp á fjarnám.

*Hver er þá sérstaða viðskiptadeildarinnar í HÍ?* „Ég held að okkar sérstaða felist í því að við erum búin að útskrifa stjórnendur í viðskiptalífinu síðan 1938. Einnig erum við með mikið úrval af meistaranámi. Það er okkar sérstaða,“ segir Ingi Rúnar og bætir við að enginn annar skóli geti boðið upp á jafn mörg námskeið á meistarastigi. Sérstaðan tengist því bæði þessari löngu sögu, fjölda nemenda og miklu námsúrvali. „Þetta tengist því að við erum hluti af Háskóla Íslands sem á sér gott orðspor og langa sögu. Við njótum þess.“

*Er námið hér á Íslandi samkeppnishæft við það sem er erlendis?* „Maður getur svarað þessu með ýmsum hætti. Okkar nám byggir upphaflega á norrænni fyrirmynd,“ segir Ingi Rúnar og nefnir Copenhagen Business School í Danmörku sem eina fyrirmynd. „Og yfirleitt er það þannig að þegar okkar nemendur ljúka B.Sc. námi eiga þeir tiltölulega greiðan aðgang að framhaldsnámi víðast hvar erlendis,“ bætir Ingi Rúnar við. Þetta bendi til þess að námið í HÍ og flestum íslenskum háskólum sé nokkuð gott.

Ingi Rúnar segir að erlendir nemar sæki í vaxandi mæli í nám við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Áhuginn á náminu vaxi með vaxandi vinsældum Íslands. „Já, það er vinsælt og gerist æ vinsælla í grunnnámi að það komi skiptinemar hingað. Ísland er inn. Ég hef nú ekki alveg töluna hvað þeir eru margir. En þeir skipta tugum, þeir erlendu nemar sem vilja koma hingað í eitt misseri eða svo.“



Kristbjörg segir tækifæri fólgin í að auka sérstöðu Kaffitárs. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Brotthvarf að verða frá Starbucks-menningu

**Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, nýráðinn forstjóri Kaffitárs, segir kaffivenjur Íslendinga taka örum breytingum. Leggja þurfi aukna áherslu á sérstöðu fyrirtækisins sem hafi að einhverju leyti týnst í framboðsflóði síðustu ára.**

SVIPMYND

**KRISTBJÖRG EDDA JÓHANNSDÓTTIR**

„Það er náttúrulega miklu meira framboð í dag og hraðinn alveg gríðarlegur,“ segir Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, nýr forstjóri Kaffitárs, um breytingar sem orðið hafa á kaffivenjum Íslendinga síðustu ár.

„Starbucks-menningin hefur svolítið rutt sér til rúms í dag og gæðin ekki endilega í fyrirrúmi. En ég held að þetta sé að koma svolítið til baka. Fólk er farið að leggja meiri áherslu á gæði umfram magn og það er verða til þessi „slow brew“ menning því það er svo margt annað í boði en bara latté til að taka með.“ Kristbjörg tekur við starfinu af Aðalheiði Héðinsdóttur, stofnanda Kaffitárs, sem sinnt hefur starfinu frá árinu 1990. Kristbjörg segir Aðalheiði ætla að hverfa frá daglegum rekstri en einbeita sér að kaffinu sjálfu. „Hún er örugglega sá Íslendingur sem mesta þekkingu hefur á kaffi og hefur getið sér gott orð erlendis,“ segir Kristbjörg um forvera sinn.

> **Hún er örugglega sá Íslendingur sem mesta þekkingu hefur á kaffi og hefur getið sér gott orð erlendis.**
>
> Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir, forstjóri Kaffitárs

„Þannig að ég tek við rekstrinum og ekki síst markaðsmálunum. Þetta er náttúrulega frábært vörumerki, Kaffitár er orðið 26 ára,“ segir Kristbjörg. Hún vill leggja meiri áherslu á sérstöðu vörumerkisins Kaffitárs í starfinu. „Þessari sérstöðu hefur kannski ekki verið komið nægjanlega vel á framfæri. Það hefur kannski týnst undanfarin ár með auknu framboði af kaffi,“ segir Kristbjörg en bakgrunnur hennar er í vörumerkjastjórnun og markaðsmálum. Hún starfaði sem forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Men and Mice ehf. síðustu tvö ár. Áður var hún forstöðumaður markaðssviðs Símans og þar áður starfaði hún hjá Össuri í ellefu ár, meðal annars sem framkvæmdastjóri markaðssviðs fyrir Evrópu og framkvæmdastjóri vörustjórnunar.

Kristbjörg segir mikil tækifæri fylgja hinum aukna ferðamannastraumi til Íslands. Hingað til hafi starfsemi Kaffitárs að stærstum hluta verið í sölu á kaffi til Íslendinga í gegnum sölu til fyrirtækja, matvöruverslana og kaffihúsa. Ferðamennirnir komi fyrst og fremst á þau kaffihús sem eru nærri vinsælum ferðamannastöðum en Kaffitár rekur sjö kaffihús undir merkjum Kaffitárs og eitt undir merkjum Kruðerí Kaffitárs sem er einnig bakarí. Nýtt Kruðerí verður opnað innan skamms á Stórhöfða. ingvar@frettabladid.is

# Deloitte lögsótt vegna peningaþvættis

Fjárfestingafélag í Dubai hyggst lögsækja Deloitte í Mið-Austurlöndum. Endurskoðunarfyrirtækið er sakað um að hafa ekki komið upp um peningaþvætti hjá gjaldþrota líbönskum banka að því er Business Insider greinir frá.

Lebanese Canadian Bank (LCB) greiddi yfir 100 milljónir dollar, um 12 milljarða íslenskra króna árið 2011 eftir rannsókn bandarískra yfirvalda á peningaþvætti bankans tengdu fíkniefnaviðskiptum og fjármögnun Hezbollah og fleiri herskárra samtaka.

Deloitte hefur verið aðalendurskoðandi bankans frá árinu 1995. LCB var lokað eftir rannsókn FBI og DEA, sem fer með rannsókn fíkniefnamála í Bandaríkjunum. Eftir það voru flestar eignir LCB seldar franska bankanum Société Générale.

Haft er eftir forsvarsmönnum Deloitte á vef Business Insider að engin stefna hafi enn borist og fyrirtækið standi við það efni sem það hafi gefið út. Bandaríska fjármálaráðuneytið sagði í skýrslu árið 2011 að reikningar hjá LCB hefðu ítrekað verið notaðir af einstaklingum sem tengdust fíkniefnasmygli og peningaþvætti vegna vanrækslu stjórnenda bankans. Nærri 230 milljónir dollara, um 17 milljarðar íslenskra króna, af illa fengnu fé, hafi farið í gegnum LCB á meðan Deloitte hafi séð um endurskoðun bankans. – ih



Fjárfestingafélag í Dubai telur Deloitte ekki hafa staðið sig í stykkinu.

# AFMÆLISHAUST Á STÖÐ 2

## ERLENT EFNI

Um leið og haustlægðirnar leggjast yfir og þú upp í sófa, rís íslenska snilldin í haustdagskrá okkar í hæstu hæðir á 30 ára afmæli Stöðvar 2. Tryggðu þér áskrift að vönduðu sjónvarpsefni og vertu með okkur í vetur!




365.is | Sími 1817
365

## Efnahagsmál



**Jón Gunnar Bernburg**
prófessor
í félagsfræði við
Háskóla Íslands

# Kreppan og fjöldamótmælin

Milli 1991 og 2003 áttu sér stað veigamiklar breytingar í viðskiptalífinu; fjármagnið fékk ferðafrelsi og ríkið seldi banka og veigamiklar stofnanir. Líkt og í öðrum löndum myndaðist staðföst trú meðal stjórnmálaleiðtoga að ríkisvaldið ætti ekki að stjórna fjármagnsöflunum lengur. Að ríkisforsjá bjagaði lögmál markaðarins og ylli stöðnun. Óheft myndi fjármagnið aftur á móti leita í æ meiri hagkvæmni og samfélagið allt myndi hagnast.

Vissulega heyrðist gagnrýni; sumir töluðu um ójöfnuð og náttúruspjöll og einhverjir vildu meina að efnishyggjan græfi undan góðum gildum. En drifkraftur breytinganna var alþjóðleg þróun sem erfitt var að sporna við. Þegar líða tók á tímabilið fór líka að vera erfitt að neita því að lífsafkoman væri að batna, jafnvel þótt það gerðist hraðar hjá sumum en öðrum. Gagnrýnin varð jaðarsett og fulltrúar hennar hafðir að háði; gagnrýnendur góðærisins voru sagðir á móti framförum.

Þegar bankarnir hrundu upplifðu þjóðfélagsgagnrýnendur að boðskapur þeirra fékk loksins hljómgrunn. Hrunið skapaði útbreidda þörf fyrir skýringar; ótti og óvissa skapaðist og traust almennings á veigamiklum stofnunum brast, ekki síst á stjórnmálunum. Stjórnvöld útskýrðu ástandið með því að benda á alþjóðleg öfl og fífldjarfa bankamenn, en trúverðugleikinn var laskaður; í augum margra voru þetta öflin sem höfðu frelsað fjármagnið og einkavætt bankana og loks hunsað viðvaranir. Í óttablöndnu óvissuástandi voru margir tilbúnir að hlusta á aðrar raddir.

Haustið 2008 myndaðist þannig sjaldgæft sóknarfæri fyrir pólitískt andóf. Aðgerðasinnar héldu mótmælafundi og ræðufólk skilgreindi fjármálakreppuna sem lýðræðisvanda. Mótmælafundir voru fámennir í fyrstu en þátttakan jókst og þá uxu líka væntingar um að mótmælin gætu haft áhrif á ráðamenn. Skilaboð mótmælenda heyrðust vel í umræðunni og andófsstemningin náði hámarki í janúar 2009 þegar um fjórðungur höfuðborgarbúa tók þátt í háværum mótmælum. Stjórnarsamstarfið brast undir pottaglamri og Íslendingar lærðu að fjöldamótmæli geta haft bein áhrif á valdhafa og jafnvel fellt sitjandi ríkisstjórn.

Ekki er unnt að skýra atburðina í aprílmánuði síðastliðnum nema með vísan í þessa sögu. Opinberanir á aflandseignum stjórnmálamanna vöktu upp vantraustið til stjórnmálanna og lærdómurinn úr Búsáhaldabyltingunni, að fjöldamótmæli hafi áhrif á valdatafl stjórnmálanna, virkjaði þúsundir til þess að mótmæla. Á meðan vantraustið gagnvart stjórnmálunum blundar áfram í tilfinningalífi þjóðarinnar er líklegt að efnahagsleg áföll eða hneykslismál eða jafnvel bara ágreiningur milli fylkinga muni áfram kveikja í fjöldamótmælum hérlendis.

# Búist við verðfalli á fasteignamarkaði




**Búist er við því að fasteignaverð í Bretlandi lækki á næsta ári vegna óvissu eftir að Bretar greiddu atkvæði um að ganga úr Evrópusambandinu. Þessi kona virti fyrir sér fasteignaauglýsingar á göngu sinni í suðvesturhluta Lundúna fyrr í vikunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hvað er r* og af hverju er það mikilvægt?



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Um helgina hélt næstæðsti embættismaður á sviði peningamálastefnu Bandaríkjanna, Stanley Fischer aðstoðarseðlabankastjóri, erindi þar sem hann fjallaði um stöðu bandaríska hagkerfisins. Það mikilvægasta sem frá Stanley Fischer kom var klárlega að hægt hefur á framleiðniaukningu í Bandaríkjunum og að neikvæð lýðfræðiþróun muni einnig draga úr möguleikunum á langtímahagvexti þar í landi.

Fischer sagði að þetta drægi dilk á eftir sér varðandi peningamálastefnu Bandaríkjanna þar sem minni vöxtur á vergri landsframleiðslu þýddi að r* hefði líka fallið. r* er hugtak sem hagfræðingar nota um það sem kallað er „eðlilegt“ eða „hlutlaust“ vaxtastig, sem er það vaxtastig sem tryggir að verðbólga samræmist markmiðum seðlabankans og hagkerfið starfi almennt með fullum afköstum.

Ef r* er til langframa lægra – miklu lægra – en við héldum fyrir 5-10 árum – þá þýðir það líka að þeir lágu stýrivextir sem nú eru í Bandaríkjunum, og reyndar í heiminum, eru sennilega varanlegir í eðli sínu. Um leið þýðir það að peningamálastefnan sé kannski ekki alveg eins „hagfelld“ og oft er sagt að hún sé, sem þýðir að það sé lítil ástæða til að hækka stýrivexti í Bandaríkjunum á næstunni.

### Hið nýja samhljóða álit FOMC

Fischer er ekki fyrsti háttsetti embættismaður seðlabankans sem segir slíkt. Reyndar virðist nýtt samhljóða álit vera að myndast á meðal meðlima hinnar mikilvægu nefndar Seðlabankans, Federal Open Market Committee. Á síðustu tveim vikum hafa þannig forstjóri svæðisseðlabankans í Dallas, Robert Kaplan, og forstjóri svæðisseðlabankans í San Francisco, John Williams, báðir bent á að r* sé líklega mjög lágt og að Seðlabankinn ætti að taka það með í reikninginn þegar hann ákveður peningamálastefnu sína.

> **Þátttakendur af fjármálamarkaðnum munu fylgjast sérstaklega með því hvort Janet Yellen seðlabankastjóri tjái sig eitthvað í ræðu sinni á föstudaginn um r*.**

Athyglisverðast er að John Williams hefur lagt til að Seðlabanki Bandaríkjanna ætti kannski að breyta peningamálastefnu sinni frá núverandi verðbólgumarkmiði sínu yfir í, til dæmis, markmið fyrir nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Þá lægi Seðlabankanum miklu minna á að hækka stýrivexti og sýndi þannig merki um að Seðlabankinn muni ekki hækka stýrivexti á næstunni.

Ummæli Williams gætu opnað dyrnar fyrir grunnumræðu um skipan peningamálastefnu Seðlabankans og við gætum hafið þá umræðu í næstu viku þegar seðlabankastjórar hvaðanæva úr heiminum hittast á árlegu málþingi svæðisseðlabankans í Kansas City um efnahagsstefnu í Jackson Hole í Wyoming.

Þátttakendur af fjármálamarkaðnum munu fylgjast sérstaklega með því hvort Janet Yellen seðlabankastjóri tjái sig eitthvað í ræðu sinni á föstudaginn um r* og hvaða vísbendingar það muni gefa, ekki bara um peningamálastefnuna í náinni framtíð, heldur einnig um skipan peningamálastefnunnar í heild sinni.

Ef Yellen nefnir að r* hafi fallið væri það líka merki til fjármálamarkaðanna um að það verði engin ástæða til að hækka stýrivexti á þessu ári og því yrði vissulega fagnað af alþjóðlegum fjárfestum á verðbréfamörkuðum.

# Blómstrandi kvikmyndaiðnaður á Íslandi



## Hin hliðin

**Eva Magnúsdóttir**

Fyrirtækjum í kvikmyndaiðnaði og sjónvarpsgerð hefur fjölgað gríðarlega mikið á undanförnum árum. Á árinu 2008 voru fyrirtæki sem að einhverju leyti störfuðu við sjónvarps- eða kvikmyndagerð 304 talsins og 2014 voru þau orðin 564. Þetta er áhugavert, sérstaklega í ljósi þeirra vinsælda sem Ísland nýtur sem tökustaður fyrir erlendar stórmyndir. Ísland er í tísku og myndbönd frá frægu fólki baðandi sig í íslenskum náttúruperlum minnka ekki vinsældir landsins. Markaðssókn okkar Íslendinga í þessa veru hefur því skilað sér vel bæði beint og óbeint til íslensku kvikmyndafyrirtækjanna. Afþreyingariðnaðurinn í Ameríku leitar stöðugt leiða til þess að fanga nýja staði til að taka upp stórmyndir og vinsældir Íslands dvína ekki.

Í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði voru 1.300 ársverk árið 2014. Skapandi greinar eru ekki lengur bara listform heldur eru í þeim gríðarleg viðskiptatækifæri, líka á Íslandi. Það er mikil samkeppni um áhugaverða tökustaði og hafa löndin í kringum okkur, líkt og við Íslendingar, brugðist við því með því að endurgreiða hluta framleiðslukostnaðarins í formi skattaafsláttar. Með þessari meðgjöf óx heildarvelta um rúm 37% frá árinu 2009. Þetta kom fram í skýrslu sem viðskiptadeild HÍ, kynnti á dögunum en skýrslan var unnin í samstarfi FRÍSK og SÍK um kvikmynda- og sjónvarpsmarkaðinn.

Ýmsar ástæður eru fyrir vinsældum Íslands sem landi tækifæranna í kvikmyndagerð. Hin óspillta stórkostlega náttúra okkar beinlínis kallar á að vera mynduð. Fagmennska íslensku kvikmyndafyrirtækjanna er líka rómuð. Tækifæri til vaxtar eru mikil á þessu sviði og má segja að stjórnvöld hafi með aðgerðum sínum stuðlað að því að efla erlenda kvikmyndagerð á Íslandi. Endurgreiðslukerfi vegna kvikmyndagerðar hefur verið ein meginstoðin í eflingu innlendrar kvikmyndagerðar og stuðlað að fjölgun verkefna og auknu umfangi sem síðan hefur leitt af sér fjölgun fagstarfa á ársgrundvelli. Á þessu ári voru samþykkt lög um framlengingu á endurgreiðslukerfinu með hækkun úr 20 í 25% að tillögu iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur. Hækkun á endurgreiðsluprósentunni skiptir höfuðmáli í samkeppni við önnur lönd um tökustaði. Fyrirtæki í kvikmyndagerð hafa orðið vör við aukinn áhuga fyrir því að taka upp stórmyndir á Íslandi eftir að greinin frétti af hækkuninni og 2017 lofar góðu. Við erum því með enn eina atvinnugreinina þar sem tækifæri til vaxtar eru mikil.


TCHAIKOVSKY
Évgení Ónegin
Tímalaus rússnesk ástarsaga
MARGVERÐLAUNAÐUR ÓPERULEIKSTJÓRI
STJARNA FRÁ BOLSHOJ LEIKHÚSINU Í TITILHLUTVERKI
MIÐASALA HAFIN Á WWW.OPERA.IS
HLJÓMSVEITARSTJÓRI BENJAMIN LEVY · LEIKSTJÓRI ANTHONY PILAVACHI
ANDREY ZHILIKHOVSKY · ÞÓRA EINARSDÓTTIR · ELMAR GILBERTSSON · NATHALÍA D. HALLDÓRSDÓTTIR
HANNA DÓRA STURLUDÓTTIR · ALINA DUBIK · RUNI BRATTABERG · SNORRI WIIUM
KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR · LEIKMYND: EVA SIGNÝ BERGER
LÝSING: BJÖRN BERGSTEINN GUÐMUNDSSON · BÚNINGAR: MARÍA TH. ÓLAFSDÓTTIR
22. OKTÓBER · 29. OKTÓBER · 6. NÓVEMBER · 12. NÓVEMBER
#islenskaoperan
ÍSLENSKA ÓPERAN
HÖNNUN: HGM

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 24. ágúst 2016

Íslenska úrvalsvísitalan
1.705,87 -21,94
(1,26%)

vísir
www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis
@VisirVidskipti


**1,5%**
LÆKKUN

vilja Samtök atvinnulífsins fá á tryggingagjaldið. Það myndi samsvara því að gjaldið lækkaði um samtals 18 milljarða króna. Samtök atvinnulífsins segja að þrátt fyrir lækkun gjaldsins dygðu tekjur af því til þess að standa undir hækkun fæðingarorlofs í allt að 600 þúsund krónur á mánuði eins og félagsmálaráðherra hefur lagt til. Samtök atvinnulífsins styðja það.

**248**
MILLJÓNA

hagnaður var af starfsemi Vodafone á öðrum fjórðungi ársins. Það er 17% lækkun frá öðrum ársfjórðungi 2015. Tekjuaukningin nam 2% miðað við annan ársfjórðung 2015. EBITDA hagnaður nam 751 milljón og lækkaði um 3% milli ára. Stefán Sigurðsson forstjóri sagði í afkomutilkynningu að reksturinn væri í samræmi við væntingar.

22.8.2016

